HJÁLMAR HJÁLMARSSON
*Getur hlustað á gömlu plöturnar í iPodinum*
heimili
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



FASTEIGNIR
*Raðhús á eftirsóttum stað í Skerjafirði*
Sérblað um fasteignir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



KRISTBJÖRG OG ÍRIS
*Tryllt stuð á tónleikum Tommy Lee á Nasa*
Rokkarinn heillaði íslensk ungmenni
FÓLK 22



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. janúar 2008 — 27. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## MÁNUDAGUR



**Yfirvann hindranir**
Sveinn Margeirsson varði doktorsritgerð um vinnsluspá þorskafla.
TÍMAMÓT 16



**Í lífshættu**
Eiginmaður Amy Winehouse segir hana eiga þrjá mánuði eftir ólifaða hætti hún ekki að neyta eiturlyfja.
FÓLK 20

**Illska? Aðför? Einelti?**
„Ólafur kýs ekki að koma fram sem leiðtogi heldur ofsóttur maður," segir Guðmundur Andri Thorsson.
Í DAG 14



**Danir Evrópumeistarar**
Danir unnu Króata í úrslitaleik Evrópukeppninnar í gær.
ÍÞRÓTTIR 24

## VEÐRIÐ Í DAG





**KÓLNANDI** Í dag verða suðvestan 5-13 m/s. Bjart með köflum á Austurlandi, annars él. Hiti frá frostmarki vestan til niður í 8 stiga frost til landsins.
VEÐUR 4

# Fíklar í lyfjaleit hóta læknum barsmíðum og lífláti

**Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir hvetur lækna til að láta ekki undan alvarlegum hótunum heldur kæra þær til lögreglu. Telur hann auknar hótanir fíkla skýra hve örlátir sumir læknar virðist á lyfseðla.**

**LÖGREGLUMÁL** „Síðast var mér og minni fjölskyldu hótað lífláti í síðustu viku," segir Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir. Hann segir lífláts- og ofbeldishótanir fíkla í garð lækna sem reyna að koma í veg fyrir misnotkun á lyfseðilsskyldum lyfjum fara vaxandi og vera hugsanlega skýringu á því hve örlátir sumir læknar hafi verið á lyfseðla.

Lyfjagagnagrunnurinn sem tekinn var í notkun árið 2003 gerði eftirlit Landlæknis á lyfjavísunum lækna mun auðveldara í framkvæmd og hefur Matthías þurft að súpa seyðið af því. Hann hvetur lækna þó til að láta hótanir ekki hafa áhrif á sig.

„Svo ég nefni dæmi komumst við um daginn að því að einhver var farinn að nota þrefaldan til fjórfaldan skammt af rítalíni. Í ljós kom að læknir hafði látið sér nægja að gefa út lyfseðil eftir að hafa fengið símhringingu frá einhverjum sem þóttist vera móðir barns sem þurfti á lyfinu að halda. Við eftirgrennslan kom í ljós að það var skyldmenni móðurinnar sem hafði verið að misnota lyfið," segir Matthías.

„Ég sagði í eitt skipti við mann sem hótaði mér og minni fjölskyldu lífláti að það tæki stuttan tíma, því við værum ekki mörg í kotinu. Ég tek svona kjána ekki alvarlega," segir hann um viðbrögð sín við hótunum.

Hann segist þó hafa kært fjórar aðskildar en nýlegar morðhótanir til lögreglu og hvetur hann aðra heilbrigðisstarfsmenn til að gera slíkt hið sama en láta ekki undan hótunum. „Ég hef þó látið vera að tilkynna hótanir sem mér berast í tölvupóstum heldur eyði þeim bara," bætir hann við.

Stefán Eiríksson, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, hvetur alla sem telja sig hafa orðið fyrir raunverulegum hótunum að hafa samband við lögreglu. „Menn eru reglulega dæmdir fyrir hótunarbrot og ekkert hik á okkur í því sambandi en vissulega getur sönnunarbyrðin oft verið erfið í svona málum," segir Stefán. **- kdk/ghs**



**VOPNAÐUR BOGA OG ÖRVUM** Þessi ungi maður hljóp um þorpið Nakuru ásamt félögum sínum í leit að óvinum. NORDICPHOTOS/AFP

Þórunn Helgadóttir segir eina glæpaklíku standa fyrir átökunum í Naíróbí:

# Mannfall meira en sagt er frá

**KENÍA, AP** Erlendar fréttastofur halda því fram að 800 manns hafi fallið í átökunum í Kenía, sem hófust fyrir mánuði eftir að Mwai Kibaki forseti lýsti yfir sigri í kosningum en var sakaður um að hafa falsað úrslitin.

Þórunn Helgadóttir, sem býr í höfuðborginni Naíróbí, segist þó sannfærð um að mannfallið hafi verið miklu meira.

„Við höfum heyrt af mannfalli víða sem hvergi kemur fram í fréttum," segir Þórunn, sem rekur heimili fyrir munaðarlaus börn á vegum ABC-barnahjálpar í einu af stærstu fátækrahverfum borgarinnar. Hún segir tölurnar um mannfall einkum byggðar á upplýsingum úr helstu líkhúsum landsins, en víða hefur fólk engin tök á að flytja lík sem liggja á ökrum eða götum í líkhúsin.

„Við vorum til dæmis að dreifa matvælum um daginn á einum stað og sáum þá herbíla koma inn í hverfið. Við forðuðum okkur en tveimur tímum síðar var búið að drepa þrettán manns þar. Það kom aldrei neitt um það í fréttunum."

Átökin undanfarinn mánuð snerust fljótlega upp í átök milli ættbálka, þar sem flestir ættbálkar landsins beindu spjótum sínum að kikuyu-mönnum, hinum valdamikla ættbálki forsetans. Undanfarna daga hafa átökin harðnað mikið.

„Aðallega er þetta þó einn hópur sem hafði verið til vandræða áður, mungiki-mafían, sem er bönnuð en hefur stundað voðaverk sín lengi. Svo virðist sem stjórnvöld beiti þessum hópi núna fyrir sig gagnvart öðrum ættbálkum." **- gb**

Tilraunadýrin brátt á útleið:

# Gera tilraunir á glerskífum

**NEW YORK, AP** Tilraunadýr framtíðarinnar verður trúlega hvorki loðið né vinalegt. Ekki vegna genabreytinga, heldur vegna þess að vísindamenn hafa nú hannað glerskífu með mannsfrumum og ensímum sem geta leyst dýrin af hólmi. Dýravinir ættu þó ekki að fagna strax, því þessa nýju tækni er aðeins hægt að nota til að kanna hvort ákveðin efni eru hættuleg fólki. **- bj**

Arfur einokunarverslunar:

# Fundu skilding

**DJÚPIVOGUR „Samkvæmt danskri heimasíðu er þessi gripur afar sjaldgæfur," segir Andrés Skúlason, oddviti á Djúpavogi, sem nýlega fann skilding frá 1653 milli gólfborða Faktorshússins.**

**„Peningurinn er 200 árum eldri en húsið og því er ég forvitinn um hvað einhver var að gera með svona gamlan pening í húsinu," segir Andrés, sem fer á fund Þjóðminjavarðar í vikunni með gripinn góða. - kdk**



Nýjung
Meistara-flokkssúpur
Girnileg nýjung með 2 í pakka.
Fæst í næstu verslun.
Maggi Masterklass MEÐMÆLI

SUBWAY
17 Subway staðir um allt land
SUBWAY í fínu formi

TENGI
KWC
Eldhúsblöndunartæki með barka...
Nýtt



Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-11
tengi.is
Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogi
Baldursnesi 6 • 603 Akureyri

## SPURNING DAGSINS



*Steinunn, á að sprengja upp Atlantshafsbandalagið?*

„Nei, það á að farga því á vistvænan hátt.“

Fimm fyrrverandi hershöfðingjar hjá Atlantshafsbandalaginu segja að bandalagið eigi ekki að útiloka beitingu kjarnorkuvopna að fyrra bragði. Steinunn Þóra Árnadóttir, varaþingmaður Vinstri grænna, vakti athygli á málinu á Alþingi.

Suharto, einn grimmasti einræðisherra 20. aldar, látinn í hárri elli:

# Var aldrei dreginn fyrir rétt

**INDÓNESÍA, AP** Suharto, fyrrverandi einræðisherra Indónesíu, var 86 ára þegar hann lést í fyrrinótt. Hann var einn grimmasti og spilltasti einræðisherra 20. aldar, ríkti í rúm þrjátíu ár og hélt jafnan góðum vinskap við Bandaríkin.

„Faðir minn fékk hægt andlát,“ sagði Tutut, elsta dóttir Suhartos, með tárin í augunum. „Megi guð blessa hann og fyrirgefa honum öll mistökin sem hann gerði.“

Susilo Bambang Yudhoyono Indónesíuforseti hvatti landsmenn sína til þess að „votta einum af bestu sonum Indónesíu virðingu sína“.



**VIÐ LÍK FÖÐUR SÍNS** Tvö af börnum Suhartos, sonurinn Tommy og dóttirin Endang Hutami, standa við lík föður síns á heimili hans í Jakarta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Suharto komst til valda árið 1965 og byrjaði valdatíð sína á því að ráðast gegn kommúnistum í landinu. Talið er að 300.000 til 800.000 andstæðingar stjórnarinnar hafi týnt lífinu í þeim hildarleik. Að auki er talið að stjórn hans hafi kostað um 300 þúsund manns lífið næstu þrjá áratugina. Verst úti urðu íbúar í héruðunum Aceh, Papúa og Austur-Tímor, þar sem tekið var hart á öllum tilburðum til sjálfstæðisbaráttu.

Hann hrökklaðist frá völdum árið 1998 og hafði þá notað tímann óspart til að sanka að sér auði. Fjölskylda hans naut einnig góðs af því og börn hans eru enn meðal auðugustu íbúa landsins. - gb

Enskur lögreglumaður:

## Launað leyfi í meira en sex ár

**ENGLAND** Lögreglumaður í bænum Cosham á Englandi er snúinn aftur til vinnu eftir sex ára launað leyfi. Alls fékk hann yfir 25 milljónir í laun fyrir heimasetuna.

Lögreglumaðurinn var sendur heim í september árið 2001 vegna gruns um aðild að spillingarmáli. Tveimur árum og þremur mánuðum seinna var hann ákærður vegna málsins, en eitt ár og fjórir mánuðir liðu þar til hann var sýknaður. Sjö mánuðum seinna var hann ákærður fyrir nýjar sakir, en var aftur sýknaður. Tvö ár liðu meðan málið var rannsakað á ný en ljóst varð að lögreglumaðurinn var saklaus. - sgj

Verkalýðsfélag stefnir Granda:

## Segja hópuppsögn ólöglega

**VINNUMARKAÐUR Verkalýðsfélag Akraness hyggst stefna HB Granda fyrir dómstóla fyrir að hafa staðið ólöglega að hópuppsögnum. Í yfirlýsingu á vef verkalýðsfélagsins segir að HB Grandi hafi ekki uppfyllt skilyrði um samráðsferli áður en að uppsögnum kæmi.**

**Þar segir að lög geri ráð fyrir því að samráðsferli taki alla jafna um það bil þrjátíu daga, en þessar uppsagnir hafi verið keyrðar í gegn á sjö dögum.**

**„Þessi framkoma verður að teljast með ólíkindum í ljósi alvarleika málsins og er forsvarsmönnum HB Granda til skammar“, segir í yfirlýsingunni.** - bj

Samfélagsverðlaunin:

## Frestur rennur út á hádegi

**FÓLK** Frestur til að skila inn tilnefningu til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út á hádegi í dag. Lesendur Fréttablaðsins eru hvattir til að senda inn tilnefningar sínar áður en fresturinn rennur út.

Þetta er í þriðja sinn sem Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt og koma allir til greina, félagasamtök, óþekktir eða þjóðþekktir einstaklingar sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Verðlaunahafar verða kynntir í febrúar. Tilnefningar má senda inn á slóðinni www.visir.is/samfelagsverdlaun. - sgj

**ÓLAFSFJÖRÐUR**

### Snjóflóð teppti veg

Snjóflóð féll á Ólafsfjarðarveg að Ólafsfjarðarmúla við Sauðanes um hádegi í gær. Tæplega tuttugu metra kafli vegarins var undir rúmlega metra þykkum snjó, en greiðlega gekk að opna veginn á ný.

# Póstverslun með lyf heimiluð á vorþingi

**Drög að frumvarpi sem breyta mun lögum til að heimila póstverslun með lyf eru tilbúin í heilbrigðisráðuneyti. Áherslan á samnorrænan lyfjamarkað, segir ráðherra. Landsmenn munu allir fá lyf á sama verði, segir forsvarsmaður Lyfjavers.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Breyting á lögum til að heimila póstverslun með lyf verður væntanlega samþykkt á Alþingi á vorþingi. Drög að frumvarpi heilbrigðisráðherra um málið eru tilbúin og reiknar hann með því að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi á næstu vikum.

Í dag er ólöglegt að stunda póstverslun með lyf, þótt heimilt sé að senda lyf í pósti á þá staði á landsbyggðinni þar sem ekki er lyfjaverslun. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra boðaði breytingar á þessu síðastliðið haust.

„Við höfum tekið talsverðan tíma í þetta því það er að ýmsu að hyggja þegar kemur að faglega þættinum, öryggiskröfum og öðru slíku,“ segir Guðlaugur Þór.

„Þetta er í anda þess sem ég hef verið að tala um, að opna markaðinn og auka samkeppnina, með sérstaka áherslu á samnorrænan lyfjamarkað,“ segir Guðlaugur.

Lyfjaverslunin Lyfjaver tók í gær í notkun róbóta sem raðar lyfjum á lager og tekur til lyfjapantanir.

Magnús Már Steinþórsson, framkvæmdastjóri Lyfjavers, segir verslunina bíða þess að póstverslun verði heimiluð.

„Þá munum við geta boðið öllum landsmönnum það verð sem er í boði á höfuðborgarsvæðinu og veitt keðjunum úti á landi aðhald,“ sagði Magnús áður en róbótinn var gangsettur í gær.

Nýi róbótinn mun auka afköstin í lyfjaafgreiðslu um allt að fimmtíu prósent, en Magnús sagði að það þýði ekki að starfsfólki yrði fækkað. Ætlunin væri að auka markaðshlutdeild Lyfjavers verulega, ekki síst í póstverslun með lyf.

„Meginverkefni stjórnvalda er að vinna gegn fákeppni og ryðja burtu samkeppnishindrunum á markaði,“ sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra áður en hann gangsetti róbótann. Ýmsar aðferðir mætti nota til að auka samkeppni, og eitt af því væri að rýmka reglur um póstverslun með lyf, bæði innanlands og utan, sagði Björgvin. Skoða yrði þetta mál með þeim sem reka lyfjaverslanir í smærri byggðarlögum, til þess að slíkar verslanir legðust ekki af.



**VÉLVÆDD LYFJAAFGREIÐSLA** Lyfjaverslunin Lyfjaver tók í gær í notkun róbóta sem heldur utan um lyfjalager verslunarinnar og afgreiðir lyf samkvæmt lyfseðlum. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra gangsetti róbótann í gær ásamt Magnúsi Má Steinþórssyni, framkvæmdastjóra Lyfjavers. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**RÓBÓTI** Mannshöndin þarf ekki lengur að raða lyfjum og taka til pantanir í Lyfjaveri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Undir það tekur Guðlaugur Þór: „Ef við þurfum að taka á því sérstaklega þá munum við gera það, en á þessu stigi er ekkert sem bendir til þess að svo sé.“

brjann@frettabladid.is

Fríverslun við Kanada:

## Undirritaði samning EFTA

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra undirritaði á laugardag fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Kanada í Davos í Sviss. Samningurinn öðlast ekki gildi fyrr en öll EFTA-ríkin hafa fullgilt hann.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Fram kemur í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu að samningurinn feli í sér niðurfellingu tolla á iðnaðarvörum og ýmsum öðrum vörum sem Ísland framleiðir og flytur út; til dæmis sjávar- og landbúnaðarafurðum, útivistarfatnaði, fiskikörum, vogum, vélum og tækjum. Í staðin veiti Ísland Kanada tollfrjálsan aðgang fyrir iðnaðarvörur og ákveðnar landbúnaðarvörur. - bj

Líkamsárás á Akureyri:

## Barði mann og sparkaði í höfuð

**LÖGREGLUMÁL Maður gekk í skrokk á öðrum fyrir utan veitingahús í miðbæ Akureyrar aðfaranótt sunnudags. Árásarmaðurinn, sem taldi sig eiga eitthvað sökótt við þolandann, sló hann niður og sparkaði tvisvar í höfuð hans með þeim afleiðingum að hann rotaðist og hlaut heilahristing.**

**Lögreglumenn og dyraverðir urðu vitni að árásinni. Fórnarlambið var flutt á sjúkrahús en var útskrifað að skoðun lokinni. Árásarmaðurinn var yfirheyrður seinni partinn í gær og látinn laus eftir það.** - sgj

GOTT FÓLK

ERTU AÐ VINNA?

Einn af hverjum níu Íslendingum svaraði játandi og fékk vinning í Happdrætti Háskólans á síðasta ári. Við stefnum að því að enn fleiri jánki á þessu ári.

– Vertu með og fáðu þér miða á hhi.is eða hjá umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

Starfsmenn hraðsendingarþjónustu og fjármálaráðuneytis grunaðir um smygl:

# Hafði greiðan aðgang að hraðsendingum til landsins

**LÖGREGLUMÁL** Einn þeirra þriggja manna sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna gruns um að hafa átt aðild að smygli á tæpum fimm kílóum af amfetamíni og 600 grömmum af kókaíni til landsins með hraðsendingarpósti, starfaði hjá hraðsendingarþjónustunni UPS á Keflavíkurflugvelli. Annar þeirra starfaði í fjármálaráðuneytinu en þriðji maðurinn er bróðir hans.

Starfsmaðurinn hjá UPS starfaði á tollgæslusvæðinu á Keflavíkurflugvelli og hafði greiðan aðgang að sendingum til landsins, samkvæmt upplýsingum Stöðvar 2.

Tollgæslan heyrir undir fjármálaráðuneytið en Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri þar, segir störf mannsins ekki hafa tengst gæslunni.



**FÍKNIEFNI** Mennirnir eru grunaðir um að hafa komið fíkniefnasendingum inn í landið áður.

Ekki sé enn tímabært að segja til um hvort farið verði yfir verklagsreglur í ráðuneytinu vegna málsins.

Efnin fundust við venjubundið eftirlit Tollgæslunnar í nóvember og er það mesta magn fíkniefna sem fundist hefur í hraðsendingunum.

Lögreglan á Suðurnesjum hefur unnið að rannsókn málsins í náinni samvinnu við fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er rökstuddur grunur um að sömu menn og nú sitja í gæsluvarðhaldi hafi komið fíkniefnasendingum í pósti inn í landið áður. Rannsóknin er samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins afar viðamikil og eru grunsemdir um að málið teygi anga sína víðar, meðal annars til Þýskalands.

Mennirnir eru allir á þrítugsaldri og hafa þeir allir kært gæsluvarðhaldsúrskurðinn samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. - kdk


BYRJUN
BRJÓTA Í ÞÉR BEIN
FARÐU 2 AFTUR
SIGRAST Á FÓBÍUM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
FARÐU 3 ÁFRAM
LENDA Í ÁSTARSORG
MJÓLKA BELJU
FARÐU 2 ÁFRAM
SITUR HJÁ 2 UMFERÐIR
STOFNA FYRIRTÆKI OG LENDA Í VESENI
FARÐU 3 ÁFRAM
EITT OG ANNAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA FYRIR FERTUGT
FARA Í TANNRÉTTINGAR
FARÐU 3 AFTUR
FÁ ÞÉR LÍFTRYGGINGU
SETJA HEIMSMET
KASTAÐU TVISVAR
FARÐU 2 ÁFRAM
LÆRA AÐ RAKA ÞIG MEÐ HNÍF
Ef þú hefur fyrir einhverjum að sjá, eða ert með fjárskuld-bindingar, þá þarftu líftryggingu.
Þú færð Lífís líf- og sjúkdómatryggingar hjá VÍS.
Lífís
Lífís/Vátryggingafélag Íslands Ármúla 3 108 Reykjavík Þjónustuver 560 5000 www.lifis.is

## GENGIÐ 25.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 64,94 | 65,26 |
| Sterlingspund | 128,46 | 129,08 |
| Evra | 95,44 | 95,98 |
| Dönsk króna | 12,808 | 12,882 |
| Norsk króna | 11,898 | 11,968 |
| Sænsk króna | 10,096 | 10,156 |
| Japanskt jen | 0,6025 | 0,6061 |
| SDR | 102,82 | 103,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
125,8651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vilja reisa skemmtigarð í Hveragerði sem sýni forna heimsmynd ásatrúarmanna:

# Skemmtigarður um ásatrúna

**FÓLK** „Þetta er mjög metnaðarfull viðskiptahugmynd og vel að öllu staðið. Ég er viss um að túristarnir munu sækja í þetta," segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, um skemmti- og fræðslugarðinn Auga Óðins sem til stendur að reisa í bænum.

Í garðinum er fyrirhugað að sýna forna heimsmynd ásatrúarinnar með aðstoð nútímatækni, að því er fram kemur í Sunnlenska fréttablaðinu. Sýningarhúsnæðið verður um fjögur þúsund fermetrar innanhúss í hlíðum Hamarsins, þar sem gestir geta kynnt sér goð og gyðjur gömlu trúarinnar.

Ef áætlun stenst hefjast framkvæmdir í vor og verður þá garðurinn opnaður vorið 2010. Hann verður opinn allt árið og mun veita tugum Hvergerðinga atvinnu. Verkefnið verður kynnt á íbúafundi í lok febrúar.

Að sögn Guðbrands Gíslasonar, framkvæmdastjóra Dulheima ehf., sem sér um verkefnið, mun það kosta milljarða. Garðurinn verður auglýstur erlendis sem og innanlands og hefur þegar verið rætt við aðila innan ferðaþjónustunnar um að kynna hann fyrir ferðamönnum. **- sgj**



**FRÁ ÞINGBLÓTI ÁSATRÚARMANNA** Fyrirhugaður garður mun kallast Auga Óðins og þar geta gestir kynnt sér goð og gyðjur gömlu trúarinnar. MYND ÚR SAFNI

Trúnaðarmannaráð SFR:

# Aðför að persónuvernd fólks

**PERSÓNUVERND** Það er alvarleg aðför að persónuvernd einstaklinga ef einkafyrirtæki geta safnað viðkvæmum persónuupplýsingum um heilsufar starfsmanna ríkisins, að mati trúnaðarmannaráðs SFR-stéttarfélags.

Félagið kveðst hafa orðið vitni að tilraunum einkafyrirtækja til að komast yfir upplýsingar um heilsufar starfsmanna. Það sé gert með því að bjóða stofnunum þjónustu tengda veikindaskráningu starfsmanna.

SFR-starfsmannafélag hafnar þessum „tilburðum einkafyrirtækja" til að safna kerfisbundið persónuupplýsingum. **- bj**



**GRÆNLAND** Grænlensku þingmennirnir á danska þinginu rufu hefðina í síðustu viku.

Grænlenskir þingmenn:

# Nota framvegis atkvæðisréttinn

**DANMÖRK** Grænlendingarnir tveir, sem sitja á danska þjóðþinginu í Kaupmannahöfn, ætla framvegis að nota atkvæðisrétt sinn á þingi til fulls.

Í viðtali við grænlensku útvarpsstöðina KNR segir annar grænlensku fulltrúanna, Lars-Emil Johansen, að með þessu vilji þeir sýna Dönum fram á að taka þurfi sjálfstæðisáform Grænlendinga alvarlega.

Löng hefð er fyrir því að bæði grænlensku og færeysku fulltrúarnir á þinginu í Kaupmannahöfn sitji hjá þegar greidd eru atkvæði um innanríkismál í Danmörku.

Á fimmtudaginn rufu grænlensku þingmennirnir þessa hefð þegar þeir greiddu atkvæði með stjórnarandstöðunni um frumvarp um málefni flóttamanna. **- gb**

**SVÍÞJÓÐ**

## Götur rýmdar vegna gasleka

Lögreglan í Stokkhólmi í Svíþjóð þurfti að loka af stóru verslunarhverfi vegna gasleka í gær. Til að tryggja öryggi íbúa og vegfarenda ákvað lögregla að rýma svæðið í nokkrar klukkustundir á meðan gert var við lekann.

# Demókratar búa sig undir stóra daginn

**Barack Obama og Hillary Clinton keppa nú um hylli demókrata í meira en 20 ríkjum Bandaríkjanna. Mitt Romney og John McCain eiga mesta möguleika á sigri í Flórída á morgun. Vonir Rudy Giuliani um stóran sigur í Flórída dvína.**

**BANDARÍKIN, AP** Strax í gær, daginn eftir að Barack Obama sigraði með yfirburðum í prófkjöri demókrataflokksins í Suður-Karólínu, héldu þau Hillary Clinton af stað í mikil kosningaferðalög um Bandaríkin til að afla sér atkvæða fyrir „stóra þriðjudaginn" 5. febrúar þegar kosið verður í meira en tuttugu ríkjum samtímis.

Sigurinn í Suður-Karólínu, þar sem Obama fékk 55 prósent atkvæða en Clinton 27 prósent, skipti miklu máli fyrir Obama vegna þess að stór hluti íbúa þar er dökkur á hörund. Hann leggur nú mikla áherslu á að ná einnig sigri í þremur öðrum Suðurríkjum þar sem þeldökkir íbúar eru fjölmennir, nefnilega Georgíu, Alabama og Tennessee.

Hann hélt strax í gær til Georgíu og þaðan áfram til Alabama, en Clinton hélt hins vegar strax á laugardaginn til Tennessee þar sem hún reyndi að ná til fólks.

John Edwards lenti í þriðja sæti og fékk aðeins átján prósent þótt hann sé frá Suður-Karólínu. Hann segist ótrauður ætla að halda áfram baráttunni, þótt hann hafi ekki unnið neinn sigur til þessa í prófkjörum demókrata.

Repúblikanar sneru sér hins vegar strax að Flórída þar sem þar verða með prófkjör á morgun. Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri í New York, hefur frá upphafi veðjað á að ná góðu kjöri í Flórída og hefur því varla stundað neina kosningabaráttu fyrir þau prófkjör sem þegar er lokið. Samkvæmt skoðanakönnunum er útlitið hins vegar slæmt fyrir hann, því fylgi hans í Flórída hefur minnkað verulega.



**RUDY GIULIANI REIÐIR SIG Á FLÓRÍDA** Fyrrverandi borgarstjóri New York hefur sparað kraftinn í kosningabaráttunni fyrir Flórída þar sem kosið verður á morgun. Skoðanakannanir spá honum þó litlu fylgi. NORDICPHOTOS/AFP

Aðalbaráttan í Flórída er milli þeirra Mitt Romney og John McCain, sem hafa látið æ þyngri orð falla í garð hvor annars eftir því sem nær líður kosningadeginum.

Romney, sem er fyrrverandi ríkisstjóri í Massachussetts, stærir sig af árangri í efnahagsmálum og þekkingu á viðskiptalífinu, en McCain, sem er öldungadeildarþingmaður og fyrrverandi stríðshetja frá Víetnam, leggur áherslu á hernaðarmál og varnir Bandaríkjanna í hættulegum heimi.

Prófkjörið í Flórída skiptir hins vegar litlu sem engu máli fyrir demókrata vegna þess að það ríki fær enga kjörmenn þegar Demókrataflokkurinn velur sér forsetaefni á flokksþinginu í lok ágúst.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**BARACK OBAMA** Ræðir við fréttamenn í flugvélinni frá Georgíu til Alabama. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ryskingar í leigubíl:

# Ölvuð kona beit leigubílstjóra

**LÖGREGLUMÁL Verulega ölvuð kona, sem var farþegi í leigubíl í Reykjanesbæ, réðst á leigubílstjórann á þriðja tímanum aðfaranótt sunnudags. Hún sló til hans og að lokum beit hún hann í handlegginn.**

**Konan, sem var eini farþegi bílstjórans, gisti fangageymslur lögreglu og var yfirheyrð í gær. Bílstjórinn var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar, en hann reyndist ekki alvarlega meiddur, þrátt fyrir bitið. - sgj**

Ráðherra um álver í Helguvík:

# Komnir fram úr sjálfum sér

**ALÞINGI** Auglýsingar Norðuráls eftir starfsfólki fyrir nýtt álver í Helguvík vekja athygli á því hversu langt menn eru komnir fram úr sér, sagði Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra á Alþingi á fimmtudag.



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR.**

„Suðurnesjamenn þurfa á álveri að halda," sagði Grétar Mar Jónsson, þingmaður Frjálslynda flokksins. Hann vakti máls á auglýsingum Norðuráls í fyrirspurnartíma á þinginu, og spurði ráðherra hvort búið væri að ákveða hvort álver í Helguvík fengi losunarheimildir.

Þórunn sagði öllum almennum heimildum hafa verið úthlutað síðastliðið haust, auk 85 prósenta af þeim heimildum sem til ráðstöfunar væru á næstu árum. Hún benti á að forsvarsmenn Norðuráls hefðu ekki enn samið um kaup á orku fyrir nýtt álver í Helguvík. **- bj**




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÖLD KORT FRAM UNDAN**

Það verður ekki hlýindunum fyrir að fara næstu daga. Raunar er það svo að það er harðnandi frost eftir því sem á vikuna líður. Um miðja vikuna má búast við tveggja stafa frosttölum víða til landsins, einkum þó á austurhluta landsins. Vindar verða þó skaplega hægir en éljagangur verður víða á landinu, síst þó fyrir austan. Einhver myndi kalla þetta harðan vetur.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Fremur stíf suðvestanátt með éljum. Hiti öðru hvoru megin við frostmark.

*um hádegi »*




*» á morgun*




5-10 m/s.

*» miðvikudagur*




Hæg, norðlæg eða breytileg átt.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C skúrir | London | 11°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 8°C hálfskýjað |
| Billund | 7°C skúrir | París | 11°C hálfskýjað | Lúxemborg | 8°C léttskýjað |
| Osló | 5 °C skúrir | Amsterdam | 9°C hálfskýjað | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 4°C hálfskýjað | Frankfurt | 10°C skúrir | Róm | 14°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C skúrir | Berlín | 9°C rigning | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

www.volkswagen.is




**Betur búinn Passat á sama frábæra verðinu**

Allir þekkja gæði og glæsileika Volkswagen Passat, en að sjálfsögðu höldum við þróuninni áfram. Nú fylgja fjarlægðarskynjarar, 16 tommu álfelgur og hraðastillir með þessum stórglæsilega fjölskyldubíl, að ógleymdum þægindum á borð við leðurklætt stýri, hita í sætum og aðkomuljósum.

**Passat Comfortline 1,9 TDI® dísil kostar aðeins**

# 2.790.000 kr.

**Das Auto.**

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

Öryggi starfsmanna ekki tryggt þegar fimm eru fluttir í tveggja manna bíl:

# Býður upp á alvarleg slys

**SAMGÖNGUR** Fimm starfsmenn jarðvinnuverktaka óku á milli vinnustaða í Reykjavík í tveggja manna vinnubíl á fimmtudag. Vinnubrögðin eru óviðunandi og ólögleg segir deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

Starfsmennirnir voru í vinnubíl merktum Eðalverki, og voru mennirnir aftan í bílnum í vinnugöllum merktum fyrirtækinu þegar vegfarandi tók myndina.

„Þeir hafa eitthvað verið að þvælast drengirnir [...] en þetta á auðvitað ekki að gerast,“ segir Alfreð Gunnarsson, framkvæmdastjóri Eðalverks.

Tólf starfsmenn starfa hjá Eðalverki, og segir Alfreð að hann muni kanna hvers vegna svo margir hafi verið í bílnum.



**FIMM Í BÍL** Á myndinni má greina í það minnsta þrjá starfsmenn Eðalverks aftan í tveggja sæta fyrirtækisbíl þar sem hvorki eru sæti né öryggisbelti. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

„Við höfum dæmi um nokkur alvarleg umferðarslys, sérstaklega veltur, þar sem menn hafa verið aftur í svona bíl, og þar hafa menn meiðst mjög mikið,“ segir Ágúst Mogensen, forstöðumaður Rannsóknarnefndar umferðarslysa.

„Þetta er ekki viðunandi, auðvitað tryggir þetta ekki öryggi manna í vinnu, það er alveg ljóst,“ segir Þórunn Sveinsdóttir, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu. Allir flutningar á starfsmönnum í vinnu þurfa að vera í samræmi við lög og reglur, segir Þórunn. Svo sé ekki í þessu tilviki. Þarna séu umferðarlög að auki brotin, enda kveðið á um að sæti verði að vera fyrir alla farþega, og þeir fastir í öryggisbelti. - bj

Hamas-liðar til Egyptalands:

## Enn deilt um landamærin

**EGYPTALAND, AP Nokkur fjöldi Hamas-liða fór yfir landamærin til Egyptalands í gær, og tók höndum saman við landamæraverði frá Egyptalandi við að koma íbúum Gaza sem farið höfðu yfir landamærin aftur heim.**

**Því fer þó fjarri að samkomulag hafi náðst milli Hamas-samtakanna, sem stjórna Gaza, og stjórnvalda í Egyptalandi um landamæravörslu.**

**Stjórnvöld í Egyptalandi vilja að palestínsk stjórnvöld og stjórnvöld í Ísrael taki við stjórn landamærastöðva, með eftirlitsmönnum frá Evrópusambandinu. Því hafnar Hamas.** - bj

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sáttur við kaup borgarinnar á húsunum við Laugaveg 4 og 6?*

| | |
|---|---|
| Já | 15,1% |
| Nei | 84,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á Ísland að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu (NATO)?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Borgarfulltrúi F-listans:

## Vissum af viðræðum í viku

**STJÓRNMÁL** Ólafur F. Magnússon, oddviti F-listans í borgarstjórn, sagði öllum borgarfulltrúum listans frá þreifingum um nýtt meirihlutasamstarf milli sín og borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um viku áður en nýr meirihluti var myndaður.

Þetta kom fram í máli Ástu Þorleifsdóttur, sem var í fjórða sæti listans, í Silfri Egils í Sjónvarpinu í gær. Hún fullyrti að Margrét Sverrisdóttir, sem var í öðru sæti listans, hefði vitað af þessum þreifingum á þeim tíma.

Margrét sagði í fréttum Sjónvarps í gær að Ólafur hefði ekki sagt henni af neinum þreifingum. Hún hafi heyrt orðróm um viðræður, en hún hafi ekki lagt trúnað á hann, enda ýmsar gróusögur í gangi. - bj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Mangó sigldi á krana

Flutningaskipið Mangó lenti á bryggjukrana í Flateyrarhöfn um eittleytið í gær og skemmdi hann verulega. Ekki sér á skipinu, en ástæðu slyssins má rekja til óveðursins sem hefur geisað á Vestfjörðum.

### Fok olli tjóni í Vallahverfi

Hjálparsveitir voru kallaðar út þegar útlit var fyrir að þakplötur myndu fjúka af nýbyggingu í Vallahverfi í Hafnarfirði um hádegi í gær. Af öðrum húsum losnaði klæðning og segir lögregla að helst megi kenna slæmum frágangi verktaka um skemmdirnar.

### Ölvaður ók út af og festist

Jeppabifreið var ekið út af Flugvallarveginum í Reykjanesbæ í gær og sat hún þar föst. Ökumaðurinn er grunaður um ölvun. Þrír menn voru handteknir á vettvangi og fengu þeir allir gistingu í fangageymslu lögreglunnar.

# Aðför að öryggi og velferð sjúklinga

**Mikill urgur er í unglæknum slysa- og bráðadeildar vegna ákvörðunar um að taka lækna af neyðarbílum í sparnaðarskyni. Ákvörðunin var tekin án samráðs. Læknir segir ákvörðunina ekki einkamál yfirstjórnenda Landspítalans og slökkviliðs.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það virðist ekki vera hægt að sjá annað en að þarna sé hreinlega verið að skera niður og spara þjónustu en af einhverjum ástæðum kjósa þessir forsvarsmenn að tilkynna almenningi þetta með þessum hætti,“ segir Hjalti Már Björnsson, fyrrverandi umsjónarlæknir neyðarbíls Landspítalans (LSH), en nýlega gekk í gildi sú ákvörðun forsvarsmanna spítalans og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins að neyðarbílar á höfuðborgarsvæðinu séu ekki mannaðir læknum. Var það kynnt sem svo að um aukna þjónustu væri að ræða.

Í yfirlýsingu frá Félagi ungra lækna segir að í neyðartilfellum séu læknar sóttir á slysa- og bráðadeild sem muni án efa lengja þann tíma sem tekur að fá lækni á vettvang og setja sjúklinga í aukna hættu. Þetta gangi í berhögg við yfirlýsingar yfirstjórnar LSH sem haldið hafi fram að verið sé að bæta þjónustuna. Þannig muni ekki einungis þjónusta við bráðveika sjúklinga utan spítalans skerðast mögulega með alvarlegum afleiðingum heldur einnig innan slysa- og bráðadeildar. Þetta sé í raun dulin sparnaðaraðgerð sem kostað gæti mannslíf.



**HJALTI MÁR BJÖRNSSON**

Segir jafnframt í yfirlýsingunni að með því að hafa lækna á neyðarbílum hafi lifun eftir hjartastopp aukist um 100 prósent og verið með því hæsta sem þekkist á Vesturlöndum. Með því að fjarlægja lækna af neyðarbílum sé tekið gríðarstórt skref aftur á bak.



**SLYSADEILD LSH VIÐ HRINGBRAUT** Frá 17. janúar eru neyðarbílar á höfuðborgarsvæðinu ekki lengur mannaðir bráðalæknum heldur þarf í útköllum að sækja þá á bráðadeild spítalans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hjalti segir ekki rétt að rætt hafi verið við alla hlutaðeigandi aðila þegar þessi ákvörðun var tekin. „Við höfum talað við alla lækna sem unnið hafa við neyðarbílslækningar undanfarinn áratug og alla þá sem eru með sérfræðimenntun í bráðalækningum og það hefur enginn verið spurður.“ Hann telur að allir neyðarbílslæknar séu sammála um að kerfið megi endurskoða en „ákvörðun sem þessa þyrfti að taka að höfðu samráði, bæði við fagfólk og notendur þjónustunnar, sjúklingana.

> Almenningur hlýtur að eiga rétt á gagnsæjum upplýsingum um hvað verið er að gera.
>
> **HJALTI MÁR BJÖRNSSON**
> FYRRVERANDI UMSJÓNARLÆKNIS NEYÐARBÍLS LANDSPÍTALANS

„Það er ekki einkamál stjórnenda hvernig þeir reka þessar stofnanir. Almenningur hlýtur að eiga rétt á gagnsæjum upplýsingum um hvað verið er að gera,“ segir Hjalti Már, sem er í sérnámi í bráðalækningum í Bandaríkjunum. olav@frettabladid.is







Ný flugvél Landhelgisgæslunnar afhent í júlí árið 2009:

# Smíði flugvélar gengur vel

**ÖRYGGISMÁL** Smíði nýrrar flugvélar fyrir Landhelgisgæsluna gengur vel og er byrjað að setja skrokk flugvélarinnar saman. Reiknað er með að flugvélin, sem er af gerðinni Dash-8 Q300, verði flughæf um miðjan maí næstkomandi en þá verður hafist handa við að breyta vélinni í eftirlitsflugvél. Sú breyting felst í uppsetningu eftirlitstækja og björgunarbúnaðar og er reiknað með að flugvélin verði afhent fullbúin í júlí 2009.

Langdrægi vélarinnar er 2.100 sjómílur og hefur hún hámarkshraða upp á 258 hnúta. Hún þarf stutta flugbraut, getur athafnað sig á flugvöllum í öllum landshlutum og hentar vel við íslenskar veðurfarsaðstæður. Nýja vélin verður mjög vel búin tækjum til löggæslu, leitar og björgunar og verður hægt að greina tegund, athöfn og nöfn skipa, mengun og hafís að nóttu sem degi. Hægt verður að varpa björgunarbátum, blysum og mengunarsýnabaujum úr vélinni og hún verður vel búin fjarskiptatækjum, eins og Tetra, neyðar- og fjarskiptakerfi, auk góðrar aðstöðu fyrir björgunarmenn og sjúkraflutninga. - shá



**SAMSETNING** Framhluti vélarinnar er óðum að taka á sig mynd, en vélin verður flughæf um miðjan maí.



**VÉLIN FULLKLÁRUÐ** Vélin er af gerðinni Dash-8 Q300 og verður búin fullkomnum búnaði.

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hverjir fögnuðu þjóðhátíðardegi sínum með grillveislu í Reykjavík á laugardag?*

2 *Kvenréttindafélag Íslands átti afmæli í gær. Hversu gamalt er félagið?*

3 *Hvaða sjónvarpsmaður byrjaði nýverið að nota gleraugu?*

SVÖR Á SÍÐU 30

Fjöldi fólks hefur haft samband við lögreglu vegna dularfullra ávísana:

# Dularfullar ávísanir berast að utan

**LÖGREGLUMÁL** Fjöldi fólks hefur haft samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu undanfarna daga vegna ávísana sem það hefur fengið póstsendar frá útlöndum og grunar að séu falsaðar. „Það virðist vera einhver slík bylgja í gangi núna,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrotamála hjá Ríkislögreglustjóra, og varar hann fólk við að leysa þær út.

Kona ein sem selur hesta og fleira á smáauglýsingavef fékk slíka ávísun upp á fimm þúsund evrur, eða um 485 þúsund íslenskra króna. Maður sem kynnti sig sem Robert Ellis hafði samband við hana og sagðist hafa áhuga á að kaupa hest á þúsund evrur og átti hún að senda mismuninn á annan reikning sem hann sagði að væri fyrir útgjöldum við flutninginn. Sá sem gaf ávísunina út bað hana svo um að ganga frá millifærslunni um leið og hún hefði leyst ávísunina út, sem hún gerði ekki.



**DULARFULL ÁVÍSUN** Konu sem selur hesta barst þessi ávísun en hún er langt umfram kaupvirði. Mismuninn átti hún að millifæra á annan reikning.

„Það getur tekið bankann nokkurn tíma að klára afgreiðslu á ávísuninni svo mönnum gefst svigrúm til að reyna að ná til sín einhverjum fjárhæðum,“ segir Helgi Magnús.

Fleiri brögð viðgangast í þeim tilgangi að hagnast með prettum. Í haust varaði lögreglan við hótunarbréfum sem bárust fólki með tölvupósti en þá var látið líta út fyrir að þau kæmu frá leigumorðingjum. Var þá viðtakanda hótað lífláti ef hann borgaði ekki háa upphæð á bankareikning erlendis. **- jse**



**HELGI MAGNÚS GUNNARSSON**

Tveggja mánaða fangelsi:

## Réttindalaus og undir áhrifum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi og til ævilangrar ökuleyfissviptingar í Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Lögregla tók manninn við akstur undir áhrifum fíkniefna. Hann var ökuréttindalaus og með tóbaksblandað hass í bílnum. Hann játaði sök.

Maðurinn á sakaferil að baki. Hann rauf skilorð með brotum sínum nú. Honum var, auk ofangreindrara refsingar, gert að greiða allan málskostnað. **- jss**

Könnun félags fanga:

## Vilja vita um brot frjálsra fanga

**FÉLAGSMÁL** Afstaða, félag fanga, gerði skoðanakönnun á vef sínum, timamot.is, um hvert viðhorf fólks væri ef fyrrverandi fangi flytti í hverfið þeirra. Rúmlega sextíu prósent svarenda sögðu viðhorf sitt fara eftir því hvert brot fangans hefði verið.

Fjórðungur hafði enga skoðun á því að fyrrverandi fangi flytti í hverfið þeirra, tæp níu prósent vildu fá að vita af viðkomandi og rúm sex prósent sögðust verða ósátt ef fyrrverandi fangi flytti í hverfið þeirra.

Alls 174 tóku þátt í könnuninni, sem stóð yfir í mánuð. **- sgj**

# Tekur tungumál sitt með sér í gröfina

**Mary Smith Jones var síðasta manneskjan sem talaði tungumál Eyak-indjána í Alaska. Hún lést í vikunni og með henni tungumálið hennar. Hún skildi þó eftir sig miklar heimildir um málið og vonaðist til að það yrði endurvakið.**

**ALASKA** Mary Smith Jones var 89 ára þegar hún lést á heimili sínu í borginni Anchorage á mánudaginn. Hún var síðasti Eyak-indjáninn sem talaði tungumál þjóðar sinnar reiprennandi. Með henni dó því heilt tungumál.

Jones hafði þó unnið árum saman með málvísindamanninum Michael Krauss að varðveislu tungumálsins á bókum í þeirri von að síðar meir yrði hægt að vekja það til nýs lífs.

Eyak-málið er aðeins eitt af um tuttugu tungumálum frumbyggja í Alaska sem eru í útrýmingarhættu. Jones var sér vel meðvituð um þetta og vann hörðum höndum að því að vinna gegn þessari þróun. Hún veitti Krauss ríkulega aðstoð við að semja bæði ítarlega lýsingu á málfræði Eyak-málsins og stóran orðalista með þýðingum sem meining er að gefa út á bók.

Frumbyggjaþjóðin Eyak bjó á stóru landsvæði við strendur Alaskaflóa. Þar fæddist Jones árið 1918 og ólst upp við erfiðar aðstæður. Flest systkini hennar létust ung að aldri, en það var ekki fyrr en síðasti bróðir hennar lést á síðasta áratug tuttugustu aldar sem hún gerði sér grein fyrir alvöru málsins og tók að vinna að varðveislu móðurmáls síns.

Sjálf eignaðist Jones níu börn. Sjö þeirra eru enn á lífi en ekkert þeirra lærði Eyak-málið, enda var faðir þeirra ekki Eyak-maður og á þeim tíma þótti ekki rétt að kenna börnum að tala neitt annað en ensku.

Málvísindamenn óttast að á komandi árum muni sífellt fleiri tungumálum lenda í útrýmingarhættu. Mörg eru nú þegar nánast útdauð, en vandamálið mun vera einna verst í norðurhluta Ástralíu þar sem fjölmörg tungumál frumbyggja eru í útrýmingarhættu.

Einnig er ástandið slæmt í Suður-Ameríku, Kanada, Bandaríkjunum og austurhluta Síberíu þar sem smám saman að víkja fyrir tungumálum á borð við ensku, spænsku eða rússnesku.

Alls eru nú töluð nærri sjö þúsund tungumál víða um heim og talið er að í hverjum mánuði deyi að minnsta kosti tvö tungumál út.

gudsteinn@frettabladid.is



**MARY SMITH JONES** Hafði unnið að ítarlegri málfræðibók og orðabók um Eyak-málið í samvinnu við málvísindamenn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Saddam Hussein:

## Bjóst ekki við innrás í Írak

**NEW YORK, AP** Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, fékk umheiminn til að trúa því að hann hefði yfir kjarnorkuvopnum að ráða af ótta við að nágrannaríkið Íran myndi ráðast inn í Írak. Jafnframt átti hann ekki von á því að Bandaríkjamenn myndu ráðast af öllu afli inn í land sitt. Þetta sagði George Piro, starfsmaður bandarísku alríkislögreglunnar, FBI, sem yfirheyrði Saddam eftir að hann var handsamaður, í viðtali í fréttaskýringaþættinum 60 Minutes. „Hann sagðist hafa misreiknað áform Bush Bandaríkjaforseta,“ sagði Piro. „Hann hélt að Bandaríkin myndu svara með svipaðri árás og árið 1998; fjögurra daga loftárás. Hann lifði hana af og var tilbúinn að sætta sig við aðra slíka árás.“ **- fb**



**SADDAM HUSSEIN**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Barði mann í heimahúsi

Karlmaður barði annan í heimahúsi á Selfossi aðfaranótt sunnudags með þeim afleiðingum að hann hlaut talsverða áverka í andliti. Fórnarlambið var flutt á slysadeild í Fossvogi til aðhlynningar.


Útsala

Allt að 50% afsláttur af skóm

Mikið úrval af skóm til göngu og íþróttaiðkunar

HJÁ FLEXOR FÆRÐU:

- Göngugreiningu
- Hitahlífar
- Íþróttaskó
- Ráðgjöf
- Stuðningshlífar
- Gönguskó
- Innlegg
- Armstafi
- Barnaskó

FLEXOR NÆSTA SKREF

Suðurlandsbraut 34 · Hafnarstræti, Akureyri · Sími 517 3900

GOTT FÓLK




# SÍÐUSTU DAGAR
# STÓRÚTSÖLUNNAR

Allt að 70% afsláttur












BAÐDEILD
20%
afsláttur
AF ÖLLU SEM EKKI ER Á ÚTSÖLU

PLANKA PARKET
ÝMSAR TEGUNDIR
20-40%
afsláttur










Egill Árnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500 | Baldursnesi 6 603 Akureyri 595 0590
www.egillarnason.is Afgreiðslutímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 10 - 16

Kvenréttindafélag Íslands

Málþing í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur
Mánudaginn 28. janúar

Jafnréttislög – til hvers?
Áhrif löggjafar á framvindu jafnréttis

Dagskrá

Kl.
14:00 Þorbjörg I. Jónsdóttir, formaður KRFÍ flytur ávarp.
14:10 Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra.
14:20 Ingvar Sverrisson, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands: *Jafnréttisáherslur í kjarasamningum.*
14:30 Hrafnhildur Stefánsdóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins.
14:40 Guðjón Bragason, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga: *Nýjar áherslur í jafnréttislögunum.*
14:50 Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur Alþjóðahúss og stjórnarkona KRFÍ: *Er ofbeldi gegn konum jafnréttismál?*
15:00 Umræður.
15:45 Veitingar bornar fram í samkomusal Hallveigarstaða við Túngötu.

Fundarstjóri: Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, aðstoðarorkumálastjóri.

Málþingið er öllum opið







Rekstrarleyfi miðborgarflugvallarins Bromma í Stokkhólmi framlengt til 2038:

# Ættum að læra af reynslu Svía

**SAMGÖNGUMÁL** Íslendingar ættu að læra af reynslu Svía af flugvelli þeirra sem er skammt frá miðborg Stokkhólms, segir Matthías Sveinbjörnsson, stjórnarmaður í Flugmálafélagi Íslands.

Bromma-flugvöllur er í um sex kílómetra fjarlægð frá miðborg Stokkhólms. Rekstrarleyfi flugvallarins var nýverið framlengt til ársins 2038, og völlurinn þar með festur í sessi. Það var gert eftir að fjórtán möguleg flugvallarstæði höfðu verið skoðuð, og þeim öllum hafnað.

Umferð um Bromma-flugvöll er álíka mikil og umferð um Keflavíkurflugvöll, segir Matthías.



**FLUGVALLARSTÆÐI** Matthías Sveinbjörnsson segir margt líkt í umræðu um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar og umræðum um Bromma-flugvöll í Stokkhólmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Völlurinn er aðallega notaður fyrir innanlandsflug og millilandaflug í einkaerindum.

Matthías segir að margt sé líkt með Reykjavíkurflugvelli og Bromma. Mikil umræða hafi verið um að færa Bromma-flugvöll fjær miðborginni. Sú umræða hafi verið lík umræðu um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar.

Hann segist fylgjandi því að ljúka forkönnunum á mögulegum flugvallarstæðum, en niðurstaðan geti vel orðið sú að eini fýsilegi kosturinn sé að halda Reykjavíkurflugvelli þar sem hann er í dag.

„Það sem ég hef verið uggandi yfir er hvað menn eru komnir langt í því að skipuleggja svæðið í Vatnsmýrinni án þess að vera komnir með raunverulegan valkost í staðinn,“ segir Matthías. **- bj**



**SVIPUÐ KJÖRDÆMI** Reykjavík var klofin í tvö kjördæmi um síðustu aldamót. Rökin fyrir skiptingunni voru einkum þau að þannig skiptist landið í sex kjördæmi með svipuðum fólksfjölda í hverju kjördæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Höfuðborgin verði eitt kjördæmi á ný

**Kjördæmaskipting Reykjavíkur verður afnumin samþykki Alþingi stjórnarskrárbreytingar sem Mörður Árnason leggur til. Skiptingin flækir reglur lýðræðisins og veldur kjósendum óþægindum. Varð til þess að Mörður féll af þingi í vor.**

**ALÞINGI** Höfuðborgin verður aftur eitt kjördæmi nái frumvarp Marðar Árnasonar, varaþingmanns Samfylkingarinnar, fram að ganga. Hann segir að enginn borgarbúi skilji ástæður þess að borginni var skipt í tvö kjördæmi fyrir síðustu aldamót.



**MÖRÐUR ÁRNASON**

„Þessi kjördæmaskipting er þvert á hagsmuni Reykvíkinga, þetta er í fyrsta skipti í sögunni sem sveitarfélagi er skipt í tvö kjördæmi,“ segir Mörður.

Hann leggur til að stjórnarskrá verði breytt til að sameina Reykjavíkurkjördæmin tvö, en tveir þriðju hlutar þingmanna þurfa að samþykkja breytinguna til að hún nái fram að ganga. Mörður segist ekki sérlega vongóður um að frumvarpið hljóti náð fyrir augum þingheims í þetta sinn, en orð séu til alls fyrst, og ef til vill verði frumvarpið til þess að opna umræðu um málið.

Engin rök eru fyrir skiptingu borgarinnar í tvö kjördæmi önnur en þau að það auðveldi útreikninga að kjördæmin séu öll með svipuðum fjölda þingmanna, segir Mörður. Þau rök haldi illa þar sem auðvelt væri að breyta aðferðum við útreikninga.

Skipting í tvö kjördæmi hefur torveldað stjórnmálastarf í borginni. Það hefur ekki orðið til þess að efla tengsl borgarbúa við þingmenn sína, enda raðast þingmenn handahófskennt á milli kjördæmanna, segir Mörður.

Í greinargerð með frumvarpinu er bent á að skipting Reykjavíkur sé ekki landfræðileg, heldur þurfi landskjörstjórn að ákveða hvar mörkin liggi í hverjum kosningum. Þá geti þetta valdið vandræðum við val á framboðslistum.

Mörður þekkir það af eigin reynslu. Hann náði sjöunda sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir alþingiskosningar í fyrra, en komst ekki inn á þing í Reykjavíkurkjördæmi suður.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir hafnaði í áttunda sæti í prófkjörinu og Ellert Schram í því tólfta, og bæði náðu á þing í Reykjavíkurkjördæmi norður. Hliðstætt dæmi kom upp hjá Sjálfstæðisflokki í kosningum árið 2003.

„Þetta vandamál er líka af holdi og blóði en það er ekki þess vegna sem ég flyt þetta mál. Þetta vakti þó í það minnsta athygli mína á þessu máli,“ segir Mörður.

„Menn verða auðvitað að sætta sig við að tapa í kosningum, en þessi kjördæmaskipting verður til þess að kjósendur í prófkjöri geta ekki treyst því að tekið sé mark á því sem þeir ákveða um röð frambjóðenda.“

**brjann@frettabladid.is**

Uppsagnir í sjávarútvegi:

# Rúmlega 400 verið sagt upp

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Ellefu fiskvinnslufyrirtæki hafa sagt upp starfsfólki eða hætt rekstri eftir að tilkynnt var um niðurskurð á þorskkvóta í byrjun júlí. Á fimmta hundrað störf hafa tapast eða eru í mikilli óvissu.

Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra segir uppsagnir undangenginna mánaða alvarleg tíðindi en fyrirsjáanleg að hluta. „Við erum búin að deila út vissum mótvægisaðgerðum og eigum aðrar eftir. Ég tel skynsamlegt að setjast niður og athuga hvort við getum gert þær markvissari.“

**UPPSAGNIR** Rangt kort birtist með frétt um uppsagnir hjá sjávarútvegsfyrirtækjum í Fréttablaðinu í gær. Rétt kort birtist hér til hliðar.




VETRARDAGAR
Í RÖNNING
Tilboðsverð 110.900
Tilboðsverð 79.900
Tilboðsverð 89.900
Tilboðsverð 55.900
Tilboðsverð 54.900
PIPAR • SÍA • 80004
NRK63321E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 229L
Nýtanlegt rými frystis: 75L
Hljóðstig: 41dB(A)
LCD-skjár
Sjálvirk afþýðing frystis
Hæð: 180 cm
RK6335E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frystis: 103L
Hljóðstig: 39dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 177 cm
R63392E
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 388L
Hljóðstig: 39dB(A)
LCD-skjár
Kælivifta
Hæð: 180 cm
RK6285W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 205L
Nýtanlegt rými frysti: 59L
Hljóðstig: 39dB(A)
Hæð: 155 cm
RF6275W
Orkunýtni: A
Nýtanlegt rými kælis: 190L
Nýtanlegt rými frysti: 68L
Hljóðstig: 41dB(A)
Sjálvirk afþýðing kælis
Hæð: 143,5 cm
Fjöldi annarra tilboða á kæli- og frysti-skápum
Kíktu við og fáðu frítt eintak af uppflettiritinu „Brrrhh“. Góð ráð þegar þú kælir og frystir.
5 vel valin ráð úr „Brrrhh“
Góð ráð þegar þú kælir og frystir
brrrhh
1 Appelsínur eru bestar að vetri til. En ef þig langar líka í appelsínur hinn hluta ársins veldu þá appelsínur með brúna flekki - þeir eru til marks um gæði.
2 Ef þú átt smá dreitil eftir af rauðvíni í flöskunni, eða eitthvað af þeyttum rjóma, ekki henda honum. Settu rauðvínið í kælipoka og rjómann í klakabox og frystu svo. Þá er alltaf hægt að bæta í sósuna síðar.
3 Settu avókadókjarnann í guacomole-ídýfuna þannig að aðeins efsti hlutinn sést og settu plastfilmu yfir skálina. Þá ertu með ídýfu í marga daga – og í rétta litnum.
4 Settu eitt lag af jarðarberjum á bakka inn í frysti án þess að þau snertist. Eftir sólarhring skaltu frysta þau í plastpoka. Þannig geturðu verið viss um að berin hafa ekki frosið saman í einn stóran kökk þegar þig vantar ber í fordrykkinn
5 Ef ísskápurinn lyktar illa settu inn í hann bolla af kaffikorgi í einhverja hilluna. Hann fjarlægir lyktina.
RÖNNING
ronning.is
REYKJAVÍK
Borgartún 24
Sími 562 4011
AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 460 0800
REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020
REYKJANESBÆR
Hafnargata 52
Sími 420 7200
Tilboðin gilda meðan birgðir endast eða til 24. febrúar.

## „ORÐRÉTT“

### Ekki góður tími

**„Þetta hefur ekki verið góður tími fyrir stjórnmál almennt. Það hafa skapast efasemdir í hugum manna um þau gildi sem ríkja í stjórnmálum.“**

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR Á FUNDI SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK.

**Fréttablaðið 27. janúar.**

### Bara mold

**„Og án þess að maður sé eitthvað að hlakka yfir óförum annarra þá fer maður ekkert að skæla heldur yfir því þótt rjúki burt einhverjir fjármunir sem alltaf voru bara mold.“**

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON Í RÖKSTÓLAVIÐTALI ÁSAMT GUÐNÝJU HALLDÓRSDÓTTUR

**Fréttablaðið 27. janúar.**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HEIÐAR JÓNSSON SNYRTIR

## *Bíður kreppu með tækjabelti í Kringlunni*



Heiðar Jónsson snyrtir var strangt til tekið í vinnunni þegar fréttamaður sló á þráðinn og innti hann eftir tíðindum en gaf sér engu að síður tíma til að spjalla. „Ég er uppi í Kringlu að kynna snyrtivörur. Það er hins vegar rólegt að gera í dag,“ segir Heiðar, sem er nýbúinn að fjárfesta í karlmannlegu tækjabelti sem hann geymir snyrtivörurnar í. „Beltin sem stelpurnar nota undir snyrtivörur eru svo kerlingarleg að ég fékk mér alvöru belti eins og pípararnir nota. Það er því Heiðar „the tool man“ sem stendur hér í Kringlunni.“ Heiðar er í hálfu starfi sem „sköllótt flugfreyja“ hjá Iceland Express en með því selur hann líka snyrtivörur og kennir konum að mála sig.

Það var ekki margt um manninn í Kringlunni daginn sem Fréttablaðið truflaði Heiðar, enda hafði snjónum kyngt niður um daginn og sjálfsagt ekki allir reiðubúnir að vaða snjó upp að hnjám til að að kaupa lúxusvarning. „Sjálfur set ég þetta ekkert fyrir mig. Ég er sveitamaður á jeppa,“ segir Heiðar, sem kann að meta snjóinn. „Nú er ástandið eins og það á að vera. Í fyrrasumar var alvöru sumar. Nú er alvöru vetur. Þannig á þetta að vera.“

Nýja árið leggst vel í snyrtinn þótt það hafi gefið aðeins á bátinn í byrjun þess. „Það er komin ný borgarstjórn. Eða óstjórn öllu heldur. Við hljótum að spjara okkur sjálf. Mér sýnist líka að við séum að verða blönk. Hlutabréfin hríðfalla. Sem er vel því þegar maður á ekki pening þá fer maður að veita því athygli sem gefur lífinu raunverulegt gildi og sýna náunganum ást og umhyggju.“

## SJÓNARHÓLL
**MEIRIHLUTASKIPTIN Í REYKJAVÍK**

### *Ófriður næstu vikurnar*

„Ég held að þetta mál sé komið langt út fyrir öll skynsemismörk og mér finnst það hálf fáránlegt hvernig öll þessi stjórnarskipti hafa farið fram,“ segir Hjörleifur Sveinbjörnsson jarðfræðingur um myndun nýs meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur. „Langbest væri að fá aðrar kosningar en það er bara ekki hægt. Þetta er allt of veikur meirihluti með bara einn mann. Og sá meirihluti sem var fyrir var greinilega of veikur líka. Ætli Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin væru ekki kannski bara best í borgarstjórn eins og ríkisstjórn. Ég hef því miður ekki trú á að núverandi meirihluti komi vel út til framtíðar. Ef meirihlutanum tekst að sitja út kjörtímabilið þá verður ekki meira úr því, að minnsta kosti ekki fyrir frjálslynda. Ég hef enga trú á Ólafi sem borgarstjóra. Mér finnst hann ótrúverðugur, maður sem gerir svona án þess að ræða við sína flokksmenn og í þeirra óþökk, sýnir að hann treystir ekki einu sinni sínu fólki. Hvers vegna ættum við að treysta honum?“



**HJÖRLEIFUR SVEINBJÖRNSSON** Jarðfræðingur

# Ótrúlega gott fyrir egóið

**Samtökin Forma sem berjast gegn átröskunum voru fyrstu handhafar Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins þegar þau voru veitt fyrir tveimur árum. Ein aðalsprautan í Forma er Alma Geirdal, sem nú er kona eigi einsömul.**

„Eins og allir vita sem hafa fengið verðlaun eða viðurkenningu fyrir erfitt starf þá er það ótrúlega gott fyrir egóið. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru því frábær og þau efldu okkur Formastelpurnar í því sem við vorum að gera,“ segir Alma. Blaðamaður heggur eftir því að hún segir „vorum“ og spyr því hvort samtökin séu ekki enn við lýði. „Jú, jú, Forma er enn við lýði en þó hafa orðið vissar breytingar á starfseminni,“ svarar Alma og útskýrir málið nánar.

„Samtökin Forma voru stofnuð í apríl 2005. Við Edda Ýrr Einarsdóttir vorum þar í forsvari. Upprunalega var samtökunum ætlað að vera þrýstihópur sem vekti athygli á átröskunum með því að opna umræðuna og fræða almenning. Við gerðum varnir gegn átröskun að baráttumáli en fórum líka fljótlega út í það að vera með persónulega ráðgjöf til átröskunarsjúklinga og aðstandenda þeirra. Við Edda Ýrr höfðum báðar barist við átröskun og vildum nýta reynslu okkar og þekkingu til að styðja og leiða sjúklinga og aðstandendur þeirra í gegnum bataskrefin.

En í febrúar í fyrra varð ég fyrir slysi, einmitt þegar ég sat í dómnefnd vegna Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins. Ég var meira að segja á leiðinni á dómnefndarfund þegar ég lenti í alvarlegu bílslysi og hef satt að segja ekki náð mér enn. Er með skerta hreyfigetu í öðrum fætinum og hef verið í endurhæfingu á Reykjalundi. Ég er reyndar ólétt núna og á von á barninu í maí en held væntanlega áfram í þjálfuninni þegar ég verð búin að fæða. Við í Forma vorum með öflugt starf fram að þessu slysi en það breyttist um sinn þegar ég þurfti að fara að hugsa um mína eigin endurhæfingu.“

Þótt ráðgjöfin sé ekki í sama formi og áður hjá Formasamtökunum þá segir Alma starfsemi þeirra talverða. „Við sinnum baráttumálinu áfram með fyrirlestrum, fræðslu og viðtölum. Í fyrravetur héldum við tónleika til styrktar málstaðnum og stefnan er að halda slíka tónleika bráðlega aftur,“ segir hún en hvar skyldu átröskunarsjúklingar og aðstandendur þeirra fá sína persónulegu ráðgjöf nú?

„Ráðgjöfin er á Landspítalanum og á að vera þar. Forma er samt enn baráttusamtök fyrir bættum hag þeirra sem berjast við átröskun og eru alls ekkert af baki dottin.“

**gun@frettabladid.is**



**ALMA GEIRDAL** Hún er þekkt fyrir baráttu sína gegn átröskunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






Tesiðir, bardagalist og karókí voru meðal sýninga á Japanshátíð á laugardag:

# Allt um Japan í Háskólanum

Fjöldi fólks lagði leið sína í Aðalbyggingu Háskóla Íslands á Japanshátíð á laugardag. Gestir kynntu sér japanskar bardagalistir, smökkuðu japanska rétti og fylgdust með hefðbundinni japanskri teathöfn. Boðið var upp á sýningu á origami-list og bauðst gestum að fá nafnið sitt ritað með japönsku letri.

Sendiráð Japans og nemendur í japönskum fræðum við HÍ stóðu að viðburðinum, en japönskunámið við háskólann hefur vaxið mikið og dafnað síðan það var fyrst sett á fót fyrir tæpum fimm árum. Japönskunemar héldu sérstaka kynningu á japanskri menningu og fræddu gesti og gangandi meðal annars um hryllingssögur, japanska rapptónlist, ninja-menningu, súmóglímu og fleira sem er sérstakt við japanska menningu. **- sgj**



**JAPANSKT LETUR** Gestir gátu fengið nafnið sitt skrifað með japönsku letri. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BARDAGI** Japönsku bardagalistirnar júdó, karate og aikido voru sýndar.



**KARÓKÍ** Gestir gátu spreytt sig í karókí að japönskum sið.

HONDA
The Power of Dreams

# MÁTAÐU CR-V VIÐ BORGARLÍFIÐ




H:N markaðssamskipti / SÍA

**www.honda.is**

**www.bernhard.is**

Nýr glæsilegur CR-V er endurhannaður borgarjeppi með skynvætt fjórhjóladrif. Þú finnur það strax og þú mátar að hann státar af öllu því besta sem hugurinn girnist, hvort sem þú ert að fanga stemmninguna í borginni eða á leið út á land með fjölskylduna; mýkri línur, glæsilegri ásýnd, meira innanrými, minni loftmótstaða, liprari, hljóðlátari og aflmeiri. CR-V hefur ómótstæðilega aksturseiginleika og yfirburðatækni á öllum sviðum; ABS með EBD hemlajöfnunarbúnaði, stöðugleikabúnað með spól- og skrikvörn (VSA – ESP), stöðugleikabúnað fyrir tengivagna (TSA), loftpúða, loftpúðagardínur, loftpúða í sætum, 17” álfelgur, tvískipta loftkælingu og meiri búnað en þú getur ímyndað þér. Þegar þú sérð glæsilegan CR-V í fyrsta sinn stenst þú ekki mátið – **komdu og mátaðu stórglæsilegan CR-V og finndu að hann er ómissandi fyrir iðandi lífið í borginni.**

**Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535**

BERNHARD
Vatnagörðum 24-26 · Sími 520 1100

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Okkur ber að virða og þroska hið borgaralega andóf.

## Skríllinn hefur völdin

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Borgarapressan fer mikinn þessa daga. Orðin valin af vana og ákafa: þar hafa menn lengi sótt þetta orð – skríll – í safnið sitt þegar álasa skal þátttakendum í borgaralegum mótmælum. Og er lengra kemur í orðræðunni koma fyrir önnur orð um mótmælendur: börn, krakkar, unglingar.

Yfirvöld eru ofnæm fyrir mótmælum og borgaralegu andófi. Þegar skríllinn tók yfir Torg hins himneska friðar eða ógnaði heimsókn kínverskra valdamanna undir kyrrlátum mótmælum Falun Gong tóku hjörtu valdhafa í tveim löndum kipp: mótmæli trufla framgang valdhafa, draga fram veikleika í embættisfærslum, yfirgang fyrir hagsmunaaðila.

Það er víða mótmælt: heit svæði eru í Grafarvogi vegna Sundabrautar, á Baldursgötureit, við Slippinn, Sundin og í Hlíðunum. Þar takast borgaralegar hreyfingar á við valdhafa. Spurningin er bara hvað yfirvöld vilja ganga langt í samningum og eftirgjöf við þá hópa sem fremstir fara í baráttunni. Og hve langt hreyfingar borgara ganga til að koma vilja sínum fram fyrir augliti fjölmiðla og almennings.

Hið borgaralega andóf gegn framgangi stjórnvalda og hagsmunaaðila er æ mikilvægari þáttur í skoðanaskiptum og tekur víðast á sig myndir ákafa, árásar, fyrirsátar til að ná athygli fjölmiðla og þess þögla meirihluta sem situr aðgerðalítill hjá og tekur enga afstöðu.

Lýðréttindi okkar; skoðanafrelsi, félagafrelsi og ritfrelsi, urðu til fyrir skrílslætin, mótþróa þeirra sem gengu fram og brutu virkin. Margt í eflingu ríkisvalds og opinberra valdstofnana bendir til að almenningur eigi fátt vopna betra en að hópast saman til að hreyfa umræðu. Þannig er í Asíu og austurhluta Evrópu.

Lengi hafa menn rætt um nauðsyn þess að auka lýðræðislega þátttöku með tíðari ákvarðanatöku kjósenda með rafrænum hætti. Nýjum meirihluta í Reykjavík væri ekki stætt ef kjósendur hefðu haft um það að segja í liðinni viku. Leifar af fornri götumynd á Laugavegi væru í hættu ef kjósendur væru nú spurðir álits. Áhugaleysi stjórnmálaflokka fyrir beinum ákvörðunum kjósenda um afdrifarík mál er vegna þess að þá misstu þeir völdin í hendur skrílnum. Forræði þeirra væri hnekkt.

Íslensk hefð til borgaralegra mótmæla er ekki tveggja alda gömul. Einstök atvik á nítjándu öldinni þykja nú lofsverð. Harkalegir árekstrar síðustu aldar milli borgaralegra andófshreyfinga og valdhafa hræða. Ráðhúsið í Reykjavík var enda ekki hannað með það fyrir augum að auðvelt væri að ryðja pallana á stuttum tíma. Atvik liðinnar viku sýndu líka að borgarfulltrúum er misgefið að tala við reiða kjósendur.

Hefð okkar til borgaralegra mótmæla á að þroska og virða. Mönnum ber að hafa það hugfast að félagafrelsið, tjáningarfrelsið og lýðræðið varð til vegna þess að skríllinn heimtaði það okkur til handa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stærsta umhverfismálið

Rykið er ekki enn sest eftir gjörningaveðrið í borgarstjórn í síðustu viku. Til að lægja öldurnar í eigin röðum boðuðu sjálfstæðismenn til fundar um borgarmálefni á laugardag, þar sem þeir fóru yfir atburði síðustu daga. Skipulagsmál bar á góma, þar á meðal framtíð Reykjavíkurflugvallar. Gísli Marteinn Baldursson dró ekki dul á að hann og Ólafur F. Magnússon eru ekki sammála í flugvallarmálinu enda ströndaðu samningaviðræðurnar á því fyrir tveimur árum. „Það að byggja í Vatnsmýrinni er einfaldlega stærsta umhverfismálið í borginni,“ sagði Gísli Marteinn á laugardag. Undir það taka sjálfsagt margir. „Stærsta umhverfismálið í borginni“ vó hins vegar ekki þungt á vogarskálunum þegar nýi meirihlutinn var myndaður heldur var sett í salt út kjörtímabilið.



### Skemmtileg tilviljun

Morgunblaðið birti fréttaskýringu í gær um átök innan Framsóknarflokksins. Þar var meðal annars skautað yfir hvernig hver krónprinsinn á fætur öðrum hefur yfirgefið Framsókn og leitað grænni haga. Þar á meðal er Árni Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra, sem hætti í pólitík eins og þekkt er og hóf störf hjá Glitni. Það er því nokkuð skemmtileg tilviljun að á sömu opnu og fréttaskýringin er flennistór auglýsing frá einmitt Glitni.



### Bingi í bókaflóðið?

Enn á eftir að ráðast hvað Björn Ingi Hrafnsson tekur sér næst fyrir hendur. Bloggfærsla hans frá því í nóvember gæti gefið vísbendingu um það. Borgarfulltrúinn fyrrverandi hafði þá verið að glugga í dagbækur Alistairs Campell, upplýsingafulltrúa Tonys Blair, og skrifaði: „Sjálfur hef ég árum saman haldið til haga eigin minnispunktum og dagbókarbrotum úr mínum störfum, m.a. á vettvangi stjórnmálanna, í utanríkis- og forsætisráðuneytum og síðar borgarstjórn. Margt kemur þar fram, sem aldrei hefur orðið opinbert. Að því kemur kannski einn daginn.“ Skyldi vera komið að því?

bergsteinn@frettabladid.is

## Illska? Aðför? Einelti?



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Nýr borgarstjóri

Ólafur F. Magnússon hefur mátt sitja undir nokkru ámæli að undanförnu og hefur kvartað sáran undan því, talar þráfaldlega um einelti. Það er stórt orð Hákot: hingað til hefur staða borgarstjórans í Reykjavík ekki verið talin til marks um að menn séu útundan.

Hitt er svo aftur annað að eftir það sem á undan er gengið á hann sér formælendur fáa – og eru raunar fljóttaldir upp: Styrmir Gunnarsson.

### Að vinna traust

En hvers vegna áfellist fólk Ólaf svo mjög? Hann ætlar að friða gömul hús á Laugaveginum eins og sjálfsagt flestallt fólkið sem púaði á pöllunum; hann ætlar að friða flugvöllinn í Vatnsmýrinni eins og helmingur Reykvíkinga kvað vilja – og hann ætlar að láta reisa mislæg gatnamót á Kringlumýrarbraut sem sumir kunna ef til vill að aðhyllast líka: hann ætlar að leysa hvern vanda og segir „aðalatriði að ég starfi af heilindum“.

Maður sér á velvildarviðtölum við hann að honum er það gersamlega hulið sjálfum hvers vegna fólk álasar honum. Hann notar orð eins og „illsku“ og „aðför“, „rætnar árásir“, „fordóma“, „lygar“, „ótrúleg ósannindi“ – og „einelti“.

Ólafur kýs ekki að koma fram sem leiðtogi heldur ofsóttur maður. Og svona orðfæri er ekki fallið til að vinna traust fólks. En þarna virðist hann vera að bregðast við því að DV reið á vaðið og sagði frá því opinberlega sem á margra vitorði var í þessu litla þjóðfélagi og Ólafur virðist hafa viljað halda á kjaftasögustiginu: að hann mun hafa átt við þunglyndi að stríða.

### Maður á að segja satt

Samt hafa umræður um veikindi Ólafs verið langminnsti þátturinn í gagnrýni á hann: hann kýs sjálfur að einblína á þær, eftir að hafa sjálfur brugðist þannig við spurningum um veikindin að þær væru móðgandi. Ég hélt að stjórnmálamönnum væri kennt að reyna að móðgast ekki og reyna að vera skrefi á undan í upplýsingaflæði um viðkvæm málefni. Það er í þessu eins og öðru, að Ólafur virkar ekki á mann sem gerandi í atburðarásinni.

*Það er ekki einelti að fólk láti í ljós vanþóknun á því að í borgarstjórastól setjist maður með örfylgi sem uppvís er að því að skrökva að samstarfsfólki sínu margsinnis sama daginn.*

En vissulega hlýtur að vera óþægilegt að sjá gagnrýni á störf sín og framgöngu í fjölmiðlum. Ólafur F. Magnússon virðist hins vegar ekki átta sig á því að þrátt fyrir allt sem á undan er gengið þá vill almenningur hafa eitthvað örlítið um það að segja hvaða fólk gegnir virðingarstöðu á borð við borgarstjórann í Reykjavík. Almenningur vill gjarnan fá að vega og meta eiginleika fólks sem sækist eftir slíkri stöðu og meðal þess sem þá kemur til álita er hvort viðkomandi hafi tilhneigingu til að leyna hlutum, eða jafnvel segja ósatt. Það er ekki einelti að fólk láti í ljós vanþóknun á því að í borgarstjórastól setjist maður með örfylgi sem uppvís er að því að skrökva að samstarfsfólki sínu margsinnis sama daginn. Það snýst ekki um fordóma heldur þvert á móti: hann er dæmdur af framgöngu sinni, eftir á.

Daginn sem skutilsveinar Davíðs ginntu Ólaf yfir í sínar raðir sagði hann Degi B. Eggertssyni að minnsta kosti sex sinnum ósatt um fyrirætlanir sínar og samtöl. Hann sagði Margréti Sverrisdóttur – sjálfum varamanni sínum – að minnsta kosti einu sinni ósatt. Þetta liggur fyrir.

Vera má að borgarstjóra þyki slíkt léttvægt. Til allrar hamingju er það þó ekki almennt sjónarmið. Í lífinu gilda tilteknar samskiptareglur sem flestir reyna að fara eftir með misgóðum árangri: meðal þess sem almennt er talið til mannkosta, ekki síst hjá fólki í opinberri þjónustu, er sannsögli og hreinskiptni og traust – og já, „heilindi“. Daginn örlagaríka fór Ólafur á bak við samstarfsfólk sitt án undanfara, án ástæðu – þó að margir mánuðir séu að vísu síðan maður heyrði af því að sjálfstæðismenn hygðust einbeita sér að því að lokka Ólaf yfir.

Sem fyrr segir kýs Ólafur að einblína á umræður um veikindi sín og leggja þær út á versta veg. Hafi þar verið um þunglyndi að ræða þá er Ólafur svo sannarlega í góðum félagsskap margra afburðamanna. Maður hélt satt að segja að það væri liðin tíð að slík veikindi væru feimnismál, og spurning hvort viðbrögð Ólafs við spurningu um heilsufarið – „þessi spurning er óviðeigandi“ – séu til þess fallin að draga úr fordómum. Ótal margar íslenskar fjölskyldur þekkja þennan sjúkdóm í einni eða annarri mynd og ósanngjarnt að saka landsmenn um fordóma gagnvart honum. Ég held að fleiri en ég líti svo á að það sé ekki áhyggjuefni að Ólafur hafi leitað sér lækninga við þunglyndi – öðru nær – en hitt sé fremur umhugsunarefni hvernig hann vildi leyna því.

## Lýðræðið í borginni

**UMRÆÐAN**

Borgarmálin



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Á fimmtudaginn streymdu mörg hundruð manns að Ráðhúsi Reykjavíkur til að taka virkan þátt í lýðræðinu. Mikill meirihluti gestanna var mættur til að mótmæla myndun nýs meirihluta. Krafan var að hætt yrði við þar sem nýi meirihlutinn væri óstarfhæfur og myndaður á kolröngum forsendum.

Það sem skiptir mestu máli varðandi atburðina í Ráðhúsinu hinn 24. janúar 2008 er ekki það sem gerðist á áhorfendapöllunum, heldur niðri í fundarsalnum. Það er óumdeilt að þar mynduðu átta kjörnir fulltrúar nýjan meirihluta og að það stríðir ekki gegn lögum. Hins vegar er það vanvirðing við lýðræðið og misbeiting á því valdi sem borgarfulltrúarnir fara með í umboði almennings.

Lýðræðið er nefnilega flóknara en að gera hlutina af því maður getur það. Í þessu tilfelli var engin málefnaleg ástæða til að skapa frekari óreiðu í stjórn borgarinnar en sjálfstæðismenn höfðu þegar gert fyrir þremur mánuðum. Þá gerði ósamstaða þeirra að verkum að ekki var hægt að taka ákvarðanir við stjórnina, nema þá um að gefa frá sér eignir borgarbúa og þá án þess að bera það undir samstarfsaðilann. Í dag er það ábyrgðarhluti sjálfstæðismanna að hafa myndað „meirihluta“ sem varamenn samstarfsmannsins eru á móti.

Borgarbúum er misboðið og 75% þeirra eru á móti nýja meirihlutanum. Þess vegna mættu svo margir og mótmæltu. Fulltrúar almennings fóru sögulega illa með valdið sem umbjóðendurnir fólu þeim. Þá er ekki nóg að skrifa í Velvakanda. Mótmælin fóru vel fram en athyglisvert er að í stað þess að fagna nýjum meirihluta kjósa stuðningsmenn þeirra sem standa að honum að einbeita sér að mótmælunum.

Í stöðunni núna er ekki annað að gera en halda áfram uppi kröftugri andstöðu þess sem hefur betri málstað að verja. Þetta gildir jafnt fyrir okkur sem tilheyrum formlega hinum nýja minnihluta og þann fjölda fólks sem ekki starfar með flokkum en var í Ráðhúsinu eða með í anda á fimmtudaginn. Við erum ekki hætt.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*

# VERKFÆRI FYRIR FAGMENN

DeWalt mun halda á Íslandi stærsta og veglegasta sölufund sem haldin hefur verið. Væntanlegir eru rúmlega 300 einstaklingar víðsvegar af á Norðurlöndunum til að sjá allt það nýjasta sem DeWalt hefur upp á að bjóða.

Af þessu tilefni bjóðum við ótrúleg tilboð á DeWalt vörum út janúar.

## Vélar á tilboði.




94DC988KB1

**Tilboð 29.900**

**Komdu með gamla DeWalt borvél og við tökum hana upp í á 10.000**

**Súpertilboð**

**19.900**

**(Aðrar tegundir teknar upp í á 5.000)**



94DW707

30% afsl.

Fullt verð 48.900

**34.230**




94D25002K

40% afsl.

Fullt verð 16.900

**9.295**



30% afsl.

94DT9292

Fullt verð 16.900

**11.830**




94DC740KA

40% afsl.

Fullt verð 17.900

**10.740**

DEWALT®




SINDRI




Sími: 575 0000 www.sindri.is

Bæjarhrauni 12 Hafnarfirði - Viðarhöfða 6 Reykjavík

**ASTRID LINDGREN LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 2002.**

*„Gefið börnunum ást, meiri ást og enn þá meiri ást, þá kemur heilbrigð skynsemi af sjálfu sér.“*

***Hin sænska Astrid Lindgren var einn vinsælasti barnabókahöfundur allra tíma, hún lést 95 ára að aldri.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 28. JANÚAR 1935

## Hermann sýknaður í kollumálinu

Þennan dag árið 1935 var Hermann Jónasson forsætisráðherra sýknaður af öllum ákærum í svokölluðu Kollumáli. Hann hafði verið sakaður um að hafa skotið á fugla í Örfirisey og drepið þar æðarkollu, en það athæfi hefði verið brot á lögreglusamþykkt bæjarins. Kollumálið varð pólitísk stórbomba ársins 1934 og blandaðist bæði inn í kosningabaráttu fyrir bæjarstjórnarkosningar og alþingiskosningar það ár. Ítarlegar vitnaleiðslur hófust en Hermann neitaði öllum sakargiftum og taldi að málið væri uppspuni frá rótum. Hinn 24. maí 1934, mánuði fyrir þingkosningar, féll dómur í undirrétti og var Hermann fundinn sekur en náði þó kosningu.

Hermann sætti sig ekki við þessa niðurstöðu, taldi hana pólitíska aðför og áfrýjaði til Hæstaréttar. Þar var hann sýknaður af öllum ákærum. Þegar sú niðurstaða var birt var Hermann orðinn forsætisráðherra og dómsmálaráðherra. Hann hafði einnig náð kjöri til bæjarstjórnar þrátt fyrir fylgistap Framsóknarflokksins í Reykjavík.



**HERMANN JÓNASSON** Taldi sig verða fyrir pólitískum ofsóknum í kollumálinu.

**MERKISATBURÐIR**

- **1855** Fyrsta járnbrautarlestin fer frá Atlantshafi til Kyrrahafs á Panama-járnbrautinni.
- **1907** Sláturfélag Árnesinga og Rangæinga stofnað sem síðar varð Sláturfélag Suðurlands.
- **1912** Sjö íþróttafélög stofna Íþróttasamband Íslands í Bárubúð.
- **1924** Ofsaveður af útsuðri með stórfelldu tjóni. Bátur frá Stykkishólmi ferst með sjö mönnum.
- **1935** Ísland verður fyrsta land í heimi til að lögleiða fóstureyðingar.
- **1985** Hrafn Gunnlaugsson hlýtur sænsku verðlaunin Guldbaggen fyrir Hrafninn flýgur.

AFMÆLI



**ARNALDUR INDRIÐASON** rithöfundur er fjörutíu og sjö ára í dag.



**ÞÓRHILDUR LÍNDAL,** fyrrverandi umboðsmaður barna, er fimmtíu og sjö ára í dag.



**STEFANÍA KATRÍN KARLSDÓTTIR** viðskiptafræðingur er fjörutíu og fjögurra ára í dag.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** athafnamaður er fertugur í dag.



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma*

**Gunnþórunn Jónasdóttir**

Gnoðarvogi 56, Reykjavík

lést á heimili sínu föstudaginn 18. janúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 29. janúar næstkomandi kl. 13.00.

**Einar S. Ingólfsson**
**Ásta Einarsdóttir**
**Dagur Freyr Ingason**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Guðjónsson**

Laugalæk 40, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 15.00.

**Hjördís Georgsdóttir**

| | |
|---|---|
| **María Jóna Gunnarsdóttir** | **Jóhann Bergmann** |
| **Erla Gunnarsdóttir** | **Vilhelm M. Frederiksen** |
| **Guðný Gunnarsdóttir** | **Björn Jónsson** |
| **Guðríður Helga Gunnarsdóttir** | **Bjarni Hákonarson** |
| **Kolbrún M. B. Viggósdóttir** | **Jón S. Magnússon** |
| **Benóný B. Viggósson** | **Alda Björnsdóttir** |

**afabörn og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma,*

**Ásdís Óskarsdóttir**

*Framnesvegi 15, Keflavík,*

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja laugardaginn 19. janúar. Útför hennar verður gerð frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 29. janúar kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Jóhannes Jóhannesson** | **Hjördís B. Sigurðar** |
| **Halldóra Jóhannesdóttir** | **Sigurgísli S. Ketilsson** |
| **Helga Jóhannesdóttir** | **Gylfi Bergmann** |
| **Gunnar Jóhannesson** | |
| **Jón Jóhannesson** | **Hanna Dóra Hjartardóttir** |
| **Petrína M. Jóhannesdóttir** | **Ögmundur M. Ögmundsson** |
| **Þröstur Jóhannesson** | **Guðbjörg H. Magnadóttir** |

**ömmu-, langömmu-, og langalangömmubörn.**

SVEINN MARGEIRSSON: VARÐI DOKTORSRITGERÐ UM VINNSLUSPÁ ÞORSKAFLA

# Yfirvann hindranir bæði í hlaupi og verkfræðinámi

Sveinn er deildarstjóri hjá Matís og nýbakaður doktor í iðnaðarverkfræði eftir vörn sína á ritgerðinni Vinnsluspá þorskafla við verkfræðideild Háskóla Íslands. Hún fjallar um hvernig hægt er að hámarka afrakstur fiskveiða.

Sveinn býr í Reykjavík en er á Akureyri þegar í hann næst í síma. „Örlítil hvíldarinnlögn eftir doktorsvörnina,“ grínast hann. „Það er fínt að koma norður. Ég fór á skíði með Fjalldísi dóttur minni bæði í gær og fyrradag. Það var frábært.“ Í ljós kemur þó við frekari njósnir að ekki er um algert frí að ræða heldur er hann að aðstoða annan deildarstjóra hjá Matís sem líka er að ljúka doktorsnámi.

Sveinn segir námið vissulega hafa verið strangt enda sé ekki við öðru að búast. „En þetta var spennandi,“ segir hann. „Það var líka hörkulið í kringum mig, að mínu mati landsliðið í þessum fræðum.“ Ekki kveðst hann hafa sótt sjóinn til að afla fanga í rannsóknir sínar en hins vegar farið um borð í nokkra togara og talsvert mörg frystihús. „Ég var að reyna að finna út hvar og hvenær væri best að veiða þorsk á ískfisktogurum á Íslandsmiðum,“ segir Sveinn þegar hann er beðinn að útskýra verkefnið á mannamáli. „Nokkur sjávarútvegsfyrirtæki öfluðu gagna sem ég síðan greindi og gerði tölfræðilíkön í tengslum við. Síðan setti ég þau upp í svokölluð bestunarlíkön sem menn munu geta nýtt sér í ákvarðanatöku um hvert hagkvæmast er að sækja fiskinn og hvenær. Allt snýst þetta um að nýta kvótann sem fyrir hendi er. Þarna var ekki horft svo mikið á magnið heldur frekar á ástand fisksins og hversu góð nýtingin væri því eitt tonn upp úr sjó er ekki sama og eitt tonn af 1. flokks vöru. Væntanlega verður hægt að gera svona mælingar að sjálfsögðum hlut í gæðakerfi fiskvinnslufyrirtækja. Fræðilega hlutanum er lokið og nú er verið að fylgja verkefninu úr hlaði þannig að þessi hugbúnaður verði að söluvöru.“

Sveinn er fæddur 1978 og uppalinn á Mælifellsá í Skagafirði. Eftir bæði nám og kennslu í Menntaskólanum við Sund nam hann iðnaðarverkfræði í Háskóla Íslands og Danmarks Tekniske Universitet. Hann hefur ekki aðeins yfirstigið hindranir í náminu heldur er hann líka Íslandsmethafi í 3.000 metra hindrunarhlaupi. Þar var eiginkonan Þórunn Rakel Gylfadóttir hans aðalþjálfari. „Ég eltist við Íslandsmetið í hindrunarhlaupinu í nokkur ár og náði því á endanum. Við hjónin fórum út til Danmerkur til að fá betri frið til æfinga. Ég keppti mikið í Svíþjóð og sló einmitt metið þar sumarið 2003. Síðan hófst doktorsnámið og eftir það hef ég ekki bætt mig,“ segir Sveinn, sem þó náði sigri í hlaupi um Laugaveginn í fyrra svo hann virðist engu hafa gleymt.

Börnin þeirra hjóna heita sérstökum nöfnum. Iðunn Fjalldís og Gunnar Jarl. „Fjalldísarnafnið er held ég einstakt ennþá. Við bjuggum það til,“ segir Sveinn þegar þetta ber á góma og er beðinn um skýringar. „Við hjónin erum bæði miklar fjallageitur og það hefur ekki verið neitt launungarmál að barnið kom undir uppi í fjöllum, nánar tiltekið í háfjallaæfingabúðum í Pýreneafjöllum. Því er nafnið vel við hæfi.“ gun@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**NÝBAKAÐUR DOKTOR** Sveinn er Íslandsmethafi í hindrunarhlaupi en kveðst ekki hafa bætt sig eftir að hann hóf doktorsnámið. Þó sigraði hann í Laugavegshlaupinu í fyrra.

# Fyrirmyndarfélag á Ísafirði

Skíðafélagi Ísfirðinga var veitt nafnbótin Fyrirmyndarfélag Íþrótta- og ólympíusambands Íslands við formlega athöfn á Hótel Ísafirði á föstudag. Frá þessu segir á fréttavefnum www.bb.is.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar sem tekur fyrir þá þætti sem gott félag þarf að hafa til hliðsjónar til að geta starfað sem best að barna- og unglingaíþróttum. Til að öðlast nafnbótina þurfa félög að marka sér stefnu í jafnréttismálum, umhverfismálum, forvarnarmálum, félagsstarfi utan æfinga, menntun þjálfara, foreldrastarfi, fjármálastjórnun og fleiru.

Skíðafélagið er gamalt í hettunni, stofnað 1934, en sama ár var stofnaður skíðaskóli félagsins. Skíðafélag Ísafjarðar stofnaði til skíðaviku árið 1935 í samvinnu við skátafélagið Einherja. Skíðavikan vakti mikla athygli og kom hópur fólks siglandi með Súðinni frá Reykjavík af þessu tilefni. Sú hefð að halda skíðaviku um páska hefur haldist síðan, með stuttum hléum þó.



**Á SKÍÐUM** Skíðafélag Ísafjarðar er fyrirmyndarfélag.



**Fyrsta flokks sumarhús og einbýlishús frá virtri finnskri verksmiðju.**

Margar þykktir af límtré og bjálkum, sem henta íslenskum aðstæðum. Mikil gæði- gott verð.

**G. PÁLSSON EHF.**

Símar 462 – 2272 og 896 - 0423




Hjálmar er einstaklega ánægður með nýja plötuspilarann og ætlar sér í framtíðinni að slaka á og hlusta á allar gömlu góðu plöturnar sem hann á í safni sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Fortíð og nútíð mætast

***Hjálmar Hjálmarsson leikari á myndarlegt plötusafn sem hann getur nú hlustað á með góðum hljómi og hvort sem er beint af plötuspilaranum eða í iPod-spilara.***

„Ég var að eignast plötuspilara sem er þeim eiginleikum gæddur að hann er með USB-tengi þannig að ég get tengt hann við tölvuna og spilað inn allar gömlu plöturnar mínar og þá get ég breytt þeim í mp3-skjöl og sett þau inn á iPodinn eða geisladiska,“ útskýrir Hjálmar áhugasamur. Plötuspilarinn var keyptur í versluninni „His Master‘s Voice“, eða HMV, í London. „Ég fékk hann fyrir um 110 pund og flutti hann með mér í handfarangri yfir hafið. Ég held að það sé hægt að fá svona plötuspilara hér á Íslandi. Einhvern tíma var hann til í Hljóðfærahúsinu en það er líklega vænlegast að leita í einhverjum sérverslunum,“ segir Hjálmar, sem er að koma plötuspilaranum í gagnið um þessar mundir.

Hjálmar á nokkur hundruð gamlar hljómplötur sem hann langar að hlusta á aftur. „Þetta er góð tónlist og það er eitthvað huggulegt við hljóminn og brakið og brestina í plötunum. Ég get tengt spilarann við magnara og hlustað og svo er hægt að hlusta á 78 snúninga plötur í honum. Annars á ég gamlan upptrekktan 78 snúninga spilara sem virkar ennþá og spilar með stríðsárahljómi. Nýja spilaranum fylgir hins vegar tölvuforrit sem gefur manni möguleika á að hreinsa upp gamlar plötur og laga hljóminn ef þess er óskað,“ útskýrir Hjálmar.

Um þessar mundir er Hjálmar að leika í leikritinu „Halla og Kári“ sem frumsýnt var síðastliðinn laugardag í Hafnarfjarðarleikhúsinu. „Leikritið er eftir Hávar Sigurjónsson og ég leik persónu sem heitir Sjónvarpið og leik ég þá karlinn í sjónvarpinu. Það er risastórt sjónvarp í leikmyndinni og sjónvarpið lifnar við og fer að tala við hinar persónurnar í leikritinu. Leikritið fjallar um Höllu og Kára sem eru alltaf að horfa á sjónvarpið og taka sig til með hjálp Sjónvarpsins og flytja inn eiturlyf með tveimur Litháum. Eiturlyfin festast hins vegar inni í Litháunum og þá fer í gang atburðarás sem ekki sér fyrir endann á,“ segir Hjálmar kíminn. Auk þessa er Hjálmar að leika í leikritinu „Hér og nú“ í Borgarleikhúsinu og vinnur að útvarpsþáttum í tilefni 20 ára afmælis Rásar 2.

*hrefna@frettabladid.is*


**HÚSGAGNA LAGERSALA**

- Leðursófasett
- Hornsófasett
- Sófasett með innbyggðum skemli
- Borðstofuborð og stólar
- Sófaborð
- Eldhúsborð
- Rúmgaflar

**ALLTAF BESTA VERÐIÐ**

**Verðdæmi:**

**Leðursófasett** áður 239,000 kr
Nú **119,900** kr

**Hornsófar** tau áður 198,000 kr
Nú **103,000** kr

**Hornsófar** leður áður 249,000 kr
Nú frá **159,000** kr

**Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510**

**Opnunartími**
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16

**Aukin ökuréttindi - Meirapróf**



**Næst námskeið hefst 6. febrúar**

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

**Upplýsingar og innritun í síma 567 0300**



**Hamar** ætti að vera til á öllum heimilum enda er hann mikið þarfaþing og getur nýst öllum, ekki einungis reyndum smiðum. Maður veit aldrei hvenær þarf að berja eitthvað saman, hengja upp mynd eða annað slíkt sem krefst hamarskrafta.



## Snjórinn nýttur

GÓLFMOTTUR ER ÁGÆTT AÐ HREINSA ÚTI Í SKAFLI.

Stórar og þungar gólfmottur getur verið snið-ugt að draga út í snjóskafl þegar allt er á kafi í snjó og láta þær liggja þar smá stund. Best er síðan að hengja þær á snúruna og berja snjóinn vel af þeim áður en þeim er aftur komið fyrir á sinn stað. Þær ættu þá að vera orðnar töluvert hreinni en áður.





STIGAR

Allar mögulegar gerðir og stærðir smíðað eftir óskum hvers og eins

Einnig: Innihurðir, Harmonikkuhurðir Fullningahurðir, Útihurðir, Gerefti Gólflistar og margt fleira

Mex - byggingavörur
Sími 567 1300 og 848 3215
www.byggingavorur.com

Vönduð vara og hagstætt verð.....






Rýmingarsala - Verslunin flytur !

Sófaáklæði - Stólaáklæði - Rúmteppi ásamt ýmsum fallegum vörum.



Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - s. 553 0444 - www.sofalist.is




Afrodita frá Ljósunum í bænum kr. 18.900.



Lux-lampi frá Pelca fæst í Lumex kr. 19.600.



Icaro frá Ljósunum í bænum kr. 10.900.

# Ljóstíra í vetrarríkinu



Delsbo-lampi úr steypujárni frá Brynju kr. 42.000.

***Þótt daginn sé aðeins tekið að lengja er vetur konungur enn við völd.***

Í skammdeginu þegar enn er kolniðamyrkur öll kvöld er gott að hafa útiljósin á til að lýsa okkur leið um dimmar tröppur, stræti og ganga. Eða bara til að ylja sér við á fallegu vetrarkvöldi.

Víða má fá falleg ljós og luktir sem prýtt geta garða landsmanna.

*rh@frettabladid.is*



Tourmalet frá Pfaff kr. 7.490.



Fenix frá Ljósunum í bænum kr. 9.500.


PARKET...FLÍSAR...PARKET...FLÍSAR

ÚTSALA

Plastparket
frá 890 kr/m²

Þúsundir fermetra
af flísum með
20-70% afslætti

Eikarparket
14 mm 3 stafa
verð kr 2.290 kr/m²

ÁLFABORG

Skútuvogi 6 • Sími 568 6755


# Stallað ál
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í svörtu, hvítu og rauðu
ALCAN Novelis
bazooka!
Ál er okkar mál
ÁLTAK
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

# fasteignir

28. JANÚAR 2008


RE/MAX Lind

Bóas
Sölufulltrúi
699 6165
boas@remax.is

Gunnar
Sölufulltrúi
899 0800
go@remax.is

Þórarinn
Jónsson Hdl.
Löggiltur
fasteignasali

Verðmetum **FRÍTT** fyrir þig!
**Hringdu núna** 699 6165

Afhend fokheld að innan fullbúin að utan

**Fjóluás 2-6,** *221 Hafnarfjörður*







Verð frá aðeins 41.400.000
- 250 fermetrar
- 2 hæða
- 5 herbergja
- 2-3 baðherbergi
- Rúmgóður 33 fm bílskúr
- Hjónaherbergi með fataherbergi
- Pantaðu eignamöppu með öllum frekari upplýsingum sem og teikningum

699 6165

BÓAS & TEYMI



Húsið að Einarsnesi 12 er á tveimur hæðum og alls 171 fermetri.

# Raðhús á eftirsóttum stað

**Eignamiðlun hefur á skrá endaraðhús að Einarsnesi á tveimur hæðum með bílskúr, samtals 171,5 fermetra.**

Húsið að Einarsnesi 12 er á tveimur hæðum með bílskúr. Á fyrstu hæð er komið inn í flísalagða forstofu. Inni af henni er snyrting. Úr forstofu er komið inn í flísalagt hol sem er með skápum. Til vinstri er eldhús með nýlegri innréttingu og tækjum og borðkrók. Til hægri er parkettlögð stofa og borðstofa, en úr henni er gengið út á hellulagða verönd. Úr holinu er hringstigi á parkettlagt hol á efri hæð. Af því er gengið út á svalir, sem eru ofan á bílskúrsþaki. Glæsilegt útsýni er til vesturs. Til vinstri eru tvö rúmgóð herbergi sem eru bæði parkettlögð og með skápum (samkvæmt teikningu er gert ráð fyrir þremur herbergjum). Til hægri er baðherbergi og parkettlagt hjónaherbergi. Baðherbergið er flísalagt og með glugga, baðkari, sturtuklefa og nýlegri innréttingu.

Fasteignasala er Eignamiðlun en heildarfermetrafjöldi er 171,5 fermetrar. Verð: 62 milljónir.




Atvinnuhúsnæðislán með lægri lántökukostnaði

VEXTIR FRÁ AÐEINS 4,7%
Miðað við myntkörfu 4, Libor-vextir 10.1.2008.

Frjálsi fjárfestingarbankinn lánar fyrirtækjum og einstaklingum til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði. Lánstími er allt að 30 árum og við kappkostum að veita framúrskarandi þjónustu á hagstæðari kjörum. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu póst á frjalsi@frjalsi.is til að kynna þér málið nánar.

FRJÁLSI

# LÖGMENN SUÐURLANDI

480 2900 www.log.is




Austurvegi 3, Selfossi | S: 480 2900 | Fax: 482 2801

Félag fasteignasala



**Laufhagi 11, Selfossi**

Gott 150,5 fm steinsteypt einbýlishús ásamt 45,0 fm bílskúr sem byggt er árið 1974. Húsið er í góðu ástandi og hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðna.
Verð 34,0 m.



**Sigalda 4, Hellu**

115,5 m² einbýlishús auk 34,2 m² bílskúrs og 7,8 m² geymslu.
Verð 24,0 m.



**Fossheiði 34, Selfossi.**

88,4 fm parhús ásamt 26,7 fm bílskúr. Húsið er byggt úr steinsteypu og timbri árið 1974.
Verð 18.0 m.




**Litla-Hildisey, Rangárþingi eystra**

Jörðin er talin vera 140 ha að stærð skv. upplýsingum eiganda, þar af eru 40 - 50 ha land ræktað. Landið afmarkast að stórum hluta með skurðum og er skipt niður í 10 misstór beitihólf. Flestar girðingar eru í mjög góðu ásigkomulagi. A jörðinni er 750 m löng flugbraut. Enginn framleiðsluréttur fylgir jörðinni. Tilboð óskast.



**Álftarimi 14, Selfoss**

163,5 fm einbýlishús ásamt 40,0 fm bílskúr á rólegum stað á Selfossi. Húsið er timburhús byggt árið 1980.
Verð 33,2 m.




**Grænuvellir 6, Selfossi**

Reisulegt og fallegt einbýlishús á tveimur hæðum við rólega götu miðsvæðis á Selfossi. Húsið er timburhús byggt árið 1947 en er klætt að utan með stálklæðningu. Í húsinu eru tvær íbúðir og er aðalíbúðin á efri hæðinni en 66 fm stúdíóíbúð á þeirri neðri. einnig er óinnréttað ris yfir húsinu og býður það upp á marga möguleika. Verð 44,8 m.

Frum



Hert gler ...í milliveggi

Íspan GLER OG SPEGLAR

Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - sími 54 54 300 - www.gler.is

SÉRVALDAR VÖRUR TIL BYGGINGA!





Svalalokanir
SUNFLEX
Álklæðningar
Promoclad
Bílskúrshurðir
novoferm
Iðnaðarhurðir

Sérpöntum einnig flest allar vörur til bygginga

Global Ice ehf.
Krókhálsi 5a 110 Rvk
S.578-8899

www.globalice.is - globalice@globalice.is

# Búmenn auglýsa íbúðir

## Búseturéttur á markaðsverði

## Blásalir 24 í Kópavogi

Búmenn hsf
Húsnæðisfélag
Suðurlandsbraut 54
108 Reykjavík
Sími 552 5644
Fax 552 5944
bumenn@bumenn.is
www.bumenn.is



Til sölu er búseturéttur í 2ja herbergja íbúð sem er um 77 fm að stærð.
Íbúðin er á þriðju hæð í tíu hæða fjölbýlishúsi með tvær lyftur og bílastæði í bílakjallara.
Ásett verð er 4 millj. og eru mánaðargjöldin nú um kr. 94.000.-

Í mánaðargjaldinu er allt nema rafmagn samkvæmt mæli.

Tilboðsfrestur er til 11. febrúar n.k.

Bæði félagsmenn og utanfélagsmenn geta gefið tilboð í búseturéttinn.

Réttur til kaupa miðast við 50 ára og eldri.

***Þeir sem áhuga hafa er bent á að hafa samband við skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 54 í síma 552-5644 milli 9-15, eða senda tölvupóst á netfangið bumenn@bumenn.is fyrir 1. febrúar n.k.***

Frum

Frum

# Stakfell | Grunnur að góðu lífi

Fasteignasala • Íbúðarhúsnæði • Lágmúli 7 • 108 Rvk

:: 535_1000

Þorlákur Ó. Einarsson
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þórhildur Sandholt
lögfr. og lögg. fast.sali
Fax 535 1009




## Laugavegur - 3ja herb

101,3 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð við Laugarveg. Einstakur 65 fm svalagarður til suðurs með heitum potti fylgir íbúðinni. Íbúðin skiptist í forstofu, baðherbergi, eldhús og tvö svefnherbergi. Sameiginlegt þvottahús er í húsinu. Eignin er öll nýlega endurnýjuð að sögn eiganda þ.e.a.s. raflagnir, þak og ofnalagnir. Sameignin er einstaklega snyrtileg.



## Flétturimi - laus fljótlega

Til í sölu 86,6 m2, 3ja herb. endaraðhús við Bugðutanga 12 í Mosfellsbæ. Steypt hús á einni hæð á góðum stað í Mosfellsbæ, 2 rúmgóð svefnherbergi, ný upptekið baðherbergi m/sturtuklefa, geymsla, góð stofa, sér eldhús og búr/þvottahús inn af eldhúsi. Stór hornlóð með timburverönd og góð aðkoma að húsi. **Verð kr. 29,9 m.**

### Hagaland – 361 fm einbýli með tvöföldum bílskúr



Glæsilegt 308,7 fm einbýlishús á tveimur hæðum ásamt 52,5 fm tvöföldum bílskúr á fallegum stað, neðst í botnlanga við Hagaland í Mosfellsbæ. Á aðalhæð er stórt eldhús, stofa, borðstofa, 2 svefnherbergi og baðherbergi, og á jarðhæð er þvottahús, svefnherbergi, baðherbergi og ósamþykkt íbúð með eldhúsi, stofu og tveimur svefnherbergjum. Þetta flott eign á góðum stað. **Verð 85,0 m.**

### Leirutangi – Glæsilegt einbýli



Til sölu mjög fallegt 189,3 fm einbýlishús á einni hæð á stórri hornlóð við Leirutanga 24 í Mosfellsbæ. Húsið hefur mikið verið endurbætt sl. ár m.a. er nýjar sérhannaðar innréttingar í eldhúsi og á baði. Bílskúr hefur verið innréttaður sem hobby herbergi og unglingaherbergi. Stór timburverönd með skjólgirðingu, heitur pottur og markísur yfir öllum gluggum. Þetta er eign í sérflokki. **Verð 67,5 m.**

### Hjallahlíð – 174,6 fm raðhús



Til sölu tveggja hæða raðhús við Hjallahlíð 13 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 149,5 fm og bílskúrinn 25,1 m2. Á jarðhæð er forstofa, stofa, eldhús, hjónaherbergi, svefnherbergi og gesta WC, á 2. hæð er sjónvarpshol, 2-3 svefnher. og baðherbergi. Stórt hellulagt bílaplan með snjóbræðslu og timburverönd í suðurgarði. Frábær staður við skóla, sundlaug og golfvöll. **Verð 45,5 m.**

### Tröllateigur – 115,6 fm íbúð



Falleg 115,6 m2, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýju fjórbýlishúsi við Tröllateig 23 í Mosfellsbæ. Gengið er íbúðin af opnum svalagangi. Allar innréttingar eru í eik og eikarparket og flísar á gólfum. Stofa, borðstofa, sjónvarpshol, flott eldhús og þrjú rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, sér þvottahús og geymsla. Mjög stórar svalir í suður. Þetta er vönduð íbúð rétt við miðbæ Mosfellsb. **Verð 30,9 m.**

### Hafravatn – 45 fm hús – 2.040 fm lóð



Til sölu 44,8 fm sumarhús á 2.040 fm eignarlóð í sumarhúsahverfi við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið er byggt árið 1979 og þarfnast endurbóta, en samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 70 fm frístundahúsi á lóðinni. Töluverður trjágróður eru á lóðinni Þetta er kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja eignast húsnæði á þessum frábæra stað – þetta er sannarlega sveit við borg. **Verð 18,4 m.**

### Klapparhlíð – 50 ára og eldri



90,5 m2, 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparket og flísar á gólfum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bílageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið. **Verð 31,5 m.**

### Klapparhlíð – 50 ára og eldri



*NÝTT Á SKRÁ* Vorum að fá fallega 107,4 m2, 3ja herbergja íbúð á JARÐHÆÐ í 4ra hæða lyftuhúsi við Klapparhlíð 3. Íbúðin er vönduð í alla staði, eikarparket og flísar á gólfum. Tvö rúmgóð herbergi, stórt baðherbergi með tvöföldu baðkari, sér þvottahús/geymsla, stórt stofa og glæsilegt eldhús með eikarinnréttingu og eyju. Úr stofu er gengið út á stóra afgirta verönd sem eykur notagildi íbúðarinnar mikið.
**Verð kr. 30,9 m.**

## NÝBYGGINGAR

### Stórikriki 1 - Fjölbýli

Erum með í sölu fjölbýlishúsi. Í húsinu eru 15 stórar íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herb. íbúðir. Íbúðirnar verða seldar fullbúnar, með gólfefnum, ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og þurrkara. Í húsinu eru tveir stigagangar og lyftur í hvorum gangi. Aðeins 5 íbúðir eftir. Afhending í febrúar og apríl 2008.

**Verðdæmi:**

- 2ja herb 102,5 fm verð frá 25,4 m. **2 óseldar.**
- 3ja herb, 121,7 fm verð frá 27,9 m. **2 óseldar.**
- 4ra herb. 137,3 fm verð 31,9 m. **1 óseld.**

### Laxatunga – 183,5 m2 raðhús

Erum með í sölu mjög falleg raðhús á einni hæð á einum besta stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða forsteypt einingarhús sem verða afhent rúmlega fokheld, þ.e. auk fokheldis verða innveggir forsteyptir að mestum hluta og tilbúnir undir sandspartl, gluggar ísettir og þak verður einangrað sem og útveggir. Laxatunga 51-57 stendur á afar fallegum stað með miklu útsýni út á Leirvogoginn – húsin eru að verða fokhelt í dag, en þau verða tilbúin til afhendingar í febrúar 2008.

**Verð:**

Laxatunga 51, 183,5 fm endaraðhús, **verð 45,5 millj.**

Laxatunga 53, 181,5 fm miðjuraðhús, **verð 43,5 millj.**

Laxatunga 55, 181,5 fm miðjuraðhús, **SELT**

Laxatunga 57, 183,5 fm endarðhús, **SELT**

### Leirvogstunga – 199,2 fm einbýlishús

Til sölu 199,2 fm einbýlishús í byggingu við Leirvogstungu 4 í Mosfellsbæ. Þetta er timburhús á einni hæð ásamt millilofti og bílskúr. Húsið verður afhent á byggingarstigi 5 – tilbúið til innréttinga. Húsið verður fullbúið að utan. Að innan verða allir innveggir uppsettir og sandsparslaðir og tilbúnir til málningar – loft verða einnig tilbúin til málningar. Húsið verður afhent í ofangreindu ástandi vorið 2008, en sýningarhús er tilbúið til skoðunar.
**Verð kr. 43,8 m**

### Kvíslartunga – 278,4 fm parhús



***NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá í sölu glæsilega hannað keðjuhús á tveimur hæðum á flottum stað við Kvíslartungu 53 í Leirvogstungu. Þetta er stílhreint hús með stórum gluggum, enda útsýni mikið frá húsinu. 4-5 svefnherbergi og stór rými. Af 2. hæð er gengið út á ca 78 fm svalir. Húsið afhendist vel rúmlega fokhelt, en flestir innveggir á jarðhæð verða komnir, útveggir einangraðir og tilb. undir sandspartl. Afhending í apríl nk.
**Verð kr. 48,8 m.**

### Laxatunga - einbýlishúsalóð



***NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá 967,5 fm einbýlishúsalóð í endursölu á mjög fallegri endalóð í botnlanga með miklu útsýni. Fyrirliggja frumdrög að 315 fm glæsihúsi á tveimur hæðum. Þetta er eitt fallegasta byggingarland á höfuðborgarsvæðinu, en þarna er verið að reisa 400 sérbýlishús á milli Leirvogsár og Köldukvíslar, engin fjölbýlishús eru í hverfinu.

### Laxatunga – 244 fm raðhús



***NÝTT Á SKRÁ*** Vorum að fá í sölu 6 raðhúsa lengju við Laxatungu 12-22. Íbúðin er 6 herbergja á tveimur hæðum, samtals 218,2 fm auk 25,3 fm bílskúrs. Húsin afhendast rúmlega fokhelt, en útveggir og loft eru einangruð. Húsin er fullreist í dag og tilbúin til skoðunar. Þetta stór og rúmgóð hús á flottum stað í Leirvogstungu. og á fínu verði.
**Verð frá kr. 44,9 m.**

**Kjarna, Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ**



Erlendur Davíðsson Lögg. fasteignasali — Elfa Bergsteinsd. sölufulltrúi — Erla Viggosdóttir, ritari — Páll Guðjónsson sölufulltrúi — Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir sölufulltrúi — Bragi Valgeirsson sölufulltrúi

Síðumúli 27, 108 R www.remax.is eignastyring@remax.is

# RE/MAX EIGNASTÝRING S: 534 4040



FRAMNESVEGUR
REYKJAVÍK
Einbýlishúsið AUSTURHOLT, byggt 1904. Timburhús á steyptum kjallara alls 176,4 fm. Friðað hús á besta stað í Vesturbænum. LAUST við kaupsamning. **Verð kr. 49,5 millj.**



SKÓGARÁS
REYKJAVÍK
Falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu 6 íbúða húsi. Stórar suðursvalir. Húsið var málað síðastliðið sumar og skipt um teppi í sameign. **Verð kr. 22,5 millj.**



HAUKANES,
ARNARNES,
þ.e. fallegt og vandað einbýlishús á þremur hæðum með tvöföldum innbyggðum bílskúr á vinsælum stað á Arnarnesinu. Öll smíði hússins er afar vönduð.



FJARÐARSEL,
REYKJAVÍK
Mjög gott og vel viðhaldið endaraðhús á þremur hæðum auk innbyggðs bílskúrs. Möguleiki að gera sér íbúð á jarðhæð. Góð staðsetning og stutt í alla þjónustu.



ÞRÚÐSALIR
KÓPAVOGUR
Í smíðum 5-7 herbergja 301 fm. einbýlishús á fallegum og vinsælum útsýnisstað í Kópavogi. Húsið skilast fullbúið að utan, fokhelt að innan. **Verð kr. 70 millj.**

# Bjóðum velkominn til starfa



**Þóri Hallgrímsson lögfræing og fyrrum deildarstjóra hjá Sýslumanninum í Reykjavík.**



REYNIMELUR, REYKJAVÍK
Góð fjögurra herbergja íbúð á 4. hæð í fjölbýli á vinsælum stað í Vesturbænum. LAUS við kaupsamning. **Verð kr. 24,9 millj.**



SUÐURBRAUT,
HAFNARFJÖRÐUR
Rúmgóð 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Mjög góð staðsetning. Stutt í alla þjónustu m.a. sundlaugar. **Verð kr. 21,9 millj.**



STEKKJARHVAMMUR
HAFNARFJÖRÐUR
Fallegt, vandað og vel umgengið raðhús á tveimur hæðum ásamt risi og bílskúr alls 186,5 fm. Vandaðar innréttingar, fjögur svefnherbergi, stór stofa og borðstofa, stór verönd. Mjög gott hús. **Verð kr. 39,5 millj.**



DRANGAHRAUN,
HAFNARFJÖRÐUR.
Gott atvinnuhúsnæði á þremur hæðum alls um 1.100 fm. Skrifstofur á efri hæð, verslunarrými, lager og skrifstofur á jarðhæð og fjögur iðnaðarbil í kjallara. Stórar innkeyrsludyr.



LAUTASMÁRI,
KÓPAVOGUR
Snyrtileg og rúmgóð 5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli. Fjögur svefnherbergi. Þvottahús í íbúð. Góð staðsetning. **Verð kr. 26,9 millj.**



NJÁLSGATA,
REYKJAVÍK,
Mmjög góð 4ra herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í tvö svefnherberg, tvær stofur, endurnýjað eldhús og baðherbergi með sturtu. Parket á gólfum. Hús í góðu ástandi. **LAUS. Verð kr. 24,5 millj.**



LANGAMÝRI 8-14,
ÁRBORG,
Sökklar auk steyptrar platna með tilheyrandui lögnum undir 8 raðhús á 1.566 fm. eignarlóð Samþykktar teikningar fylgja. Stærð hvers húss er áætlað 160 fm. á tveimur hæðum. Möguleiki á fjármögnun að stærstum hluta og/eða taka íbúðir upp í. Verð kr. 11 millj. á hvert hús eða samtals kr. 88 millj.

**REMAX Eignastýring – Síðumúli 27 – 108 Rvík – www.remax.is – eignastyring@remax.is**

# STUÐ MILLI STRÍÐA Árstíð víkingsins

**VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR** BÍÐUR SUMARS



Þó að enn ríki vetur styttist í vorið og svo langþráð sumarið. Ást okkar flestra á sumrinu er meðfædd og innbyggð, enda eru líkurnar á því að verða úti eða svelta heilu hungri minnstar á þeim árstíma. Nú til dags eigum við þó flest þak yfir höfuðið og höfum ótakmarkaðan aðgang að mat og ættum því að vera hætt að mismuna árstíðunum. Svo er þó ekki; flestir halda mest upp á kalt og vindasamt íslenskt sumarið.

Hugsanlega hafa fríin áhrif á dálæti okkar á sumrinu; öllum þykir gaman að þurfa ekki að mæta til vinnu. En þó að sumarfríin séu vinsæl bíða flestir sumarsins með óþreyju vegna menningarviðburðanna sem það færir með sér og þá sérstaklega víkingahátíðanna.

Þjóðin flykkist á þessar hátíðir á sumrin og skyldi engan furða. Þær gefa okkur dýrmætt færi á að fræðast um lifnaðarhætti forfeðra okkar án þess að þurfa að reyna þá á eigin skinni. Helsta aðdráttarafl hátíðanna er þó lundarfar víkinganna; við kætumst þegar við sjáum hvað víkingarnir sjálfir voru kátir. Þeir létu sér fátt fyrir brjósti brenna og tóku meira að segja vopnuðum bardögum og dauða fagnandi. Að auki er upplífgandi að sjá hve jákvæðir þeir eru þrátt fyrir augljósan skort á nútímaþægindum svo sem flíspeysum og gosdrykkjum. Þessi mikla gleði sem víkingarnir búa yfir gleður okkur þar sem hún veitir okkur möguleika á að fyllast stolti yfir því að vera afkomendur svona mikilla stuðbolta. Skyndilega gerum við okkur grein fyrir því hvaðan okkar eigin hressleiki er kominn; við erfðum hann frá þessum frábæru forfeðrum okkar.

Aukaatriði er að víkingarnir á hátíðunum eru upp til hópa ættaðir frá meginlandi Evrópu eða Bretlandseyjum og án undantekninga fæddir á tuttugustu öldinni, eða í örfáum tilvikum þeirri tuttugustu og fyrstu. Gott er að hugsa til þess að fortíð okkar var svo vel mönnuð og fjörug; sú vissa yljar um hjartarætur og gefur fögur fyrirheit um framtíðina.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman


















BMW er stærsti lúxusbílaframleiðandi heims og það var því stór viðburður þegar fyrirtækið kynnti nýverið nýja kynslóð af BMW X5. Þessi öflugi lúxusjeppi kom fyrst til sögunnar árið 2000 og markaði þá tímamót. Hann bjó í raun til alveg nýjan flokk lúxusbíla. Síðan hafa komið til skjalana nokkrir keppinautar, en með allsherjar endurhönnun á BMW X5 er aftur kominn fram á sjónarsviðið óumdeildur leiðtogi í flokknum. Með öflugri vélum en áður, enn mýkri aksturseiginleikum, miklu meira rými, liprum og snörpum viðbrögðum, tæknibúnaði og heimsþekktum smíðagæðum þessa þýska stórveldis tekur BMW X5 forystuna enn á ný og biður aðra vinsamlegast um að víkja til hliðar.

The new BMW X5

www.bmw.com/x5

Sheer
Driving Pleasure

> VISSIR ÞÚ?

Emmy-sjónvarpsverðlaunin í Bandaríkjunum hétu upphaflega Immy-verðlaunin. Nafninu var breytt í Emmy þar sem það þótti hæfa betur fyrir kvenkyns styttuna. Sjónvarpsframleiðandinn Louis McManus hannaði Emmy-styttuna á sínum tíma eftir línum eiginkonu sinnar.



Fólk

folk@frett

# Bono játar syndir sínar fyrir Al Gore

Írski rokksöngvarinn Bono líkir Al Gore, umhverfisverndarsinna númer eitt, við írskan prest sem hann geti játað allar sínar syndir fyrir. Ekki sé þó um að ræða óhóflega drykkju eða reykingar heldur umhverfisspillandi hegðun. „Ég segi bara við hann: séra Al, ég menga ekki bara með hljóði, ég er dísil-étandi, orkueyðandi rokkstjarna sem flýgur á milli í einkaþotum. Olían hefur verið mér góð en ég ætla að bæta mig," sagði Bono en þeir hittust á ráðstefnu í Davos á fimmtudaginn þar sem söngvari U2 lét þessi orð falla.

Báðir hafa þeir þó helgað sig sínum baráttumálum; Bono er ötull talsmaður bættra aðstæðna í þriðja heiminum á meðan Al Gore hefur beitt sér í stríðinu gegn hlýnun jarðar og fékk meðal annars Óskarsverðlaun árið 2006 fyrir heimildarmynd sína Óþægilegur sannleikur.





**SÉRA AL OG BONO** Söngvarinn segist líta á Al sem prest og fyrir honum geti hann játað allar syndir sínar á umhverfissviðinu.

# Kom Opruh á óvart

Andlát leikarans Heath Ledger kom heimsbyggðinni í opna skjöldu og hafa stórstjörnurnar útí heimi keppst um að mæra störf hans á hvíta tjaldinu og persónu. Fjölskylda Ledgers birti minningarorð um leikarann í áströlskum blöðum og sögðu að hann hefði verið gömul sál.

En það eru ekki bara fjölskylda og vinir sem eru í áfalli eftir skyndilegt fráfall leikarans. Stórleikarinn Daniel Day-Lewis var í sjaldgæfu viðtali við Opruh Winfrey en hann er tilnefndur til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í There Will Be Blood. Daniel hafði fengið fyrir fram ákveðnar spurningar og birtist á skjá fyrir framan áhorfendur sjónvarpsdrottningarinnar í Chicago. „En Oprah, mér finnst ekki við hæfi að tala um einhverja tilnefningu þegar manni berast svona tíðindi og ég vil bara segja við fjölskyldu Ledgers að ég samhryggist henni innilega. Mig langar eiginlega ekki að tala um neitt annað," sagði Lewis við Opruh, sem augljóslega var brugðið enda leikarinn ekki þekktur fyrir að bera tilfinningar sínar á borð í fjölmiðlum.



**SORGMÆDDUR** Daniel Day-Lewis vildi helst ekki ræða um neitt annað en fráfall Heath Ledger í þætti Opruh Winfrey.

# Eiginmaðurinn óttast um líf Amy

Eiginmaður söngkonunnar Amy Winehouse hefur komið þeim skilaboðum áleiðis til hennar að hún verði að hætta að reykja krakk, annars eigi hún ekki nema þrjá mánuði ólifaða. Eiginmaðurinn, Blake Fielder-Civil, situr í fangelsi og segir að óvissan um líðan hennar sé að ganga frá honum. „Á hverjum degi óttast ég það að presturinn eigi eftir að labba inn í klefann minn og tilkynna mér að Amy sé dáin," segir Blake í viðtali við News of the World.

Amy og Blake hafa verið stöðugt til umfjöllunar í breskum fjölmiðlum fyrir skrautlegt líferni sitt. Í viðtalinu kemur fram að þau hafi eytt allt að 65 þúsund krónum á dag í kókaín og heróín. Blake upplýsir jafnframt að þegar Amy hafi heimsótt hann í fangelsið hafi hún iðulega sofnað, svo illa hafi hún verið haldin af neyslu eiturlyfja. Amy innritaði sig í meðferð í síðustu viku, daginn eftir að The Sun birti myndir af henni að reykja krakk á heimili sínu. „Ég er feginn að hún hlustaði loksins á mig, ég var búinn að grátbiðja hana um að fara í meðferð. Ég hótaði meira að segja að skilja við hana því ég hélt að það væri það eina sem fengi hana til að taka sönsum," segir Blake, sem sendi eiginkonunni bréf á dögunum. Þar var hann ekki að skafa af hlutunum. Blake sagði Amy beint út að hún myndi deyja innan þriggja mánaða ef hún færi ekki í meðferð.



**VANDRÆÐAGEMSAR** Amy Winehouse og Blake Fielder-Civil hafa verið stöðugt í bresku pressunni fyrir eiturlyfjaneyslu sína. Hann er nú í fangelsi og hún í meðferð. NORDICPHOTOS/GETTY


## NÁMSKEIÐ

### ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL
**11.500 KR.**

Fyrir útlendinga sem vilja læra íslensku.
ÍSA102: Fyrir byrjendur.
ÍSA202: Fyrir þá sem hafa einhverja þekkingu á íslensku.

60 kennslust. Hefst 12. feb. og kennt verður 2–3svar í viku (sjá www.ir.is).
Námskeiðið gefur 2 einingar á framhaldsskólastigi.

Ekkert sérstakt umsóknareyðublað er nauðsynlegt. Umsókn skal senda á fa@ir.is með nafni, kennitölu, símanúmeri og ósk um ÍSA102 eða ÍSA202.

### *ICELANDIC FOR FOREIGN STUDENTS*
***11.500 ISK***

*Icelandic courses for foreign students.*
*ÍSA102: For beginners.*
*ÍSA202: For those with a little knowledge in Icelandic.*

*Total number of lessons given in each course is 60. The courses start Feb 12. Teaching will take place 2 or 3 times/week (see plan at www.ir.is).*
*The course carries 2 credits on the modular credit system.*

*No special application form is required. Please send application to fa@ir.is and include name, ID-number (kennitala), telephone number and specify ÍSA102 or ÍSA202.*

### VILTU SMÍÐA RAFMAGNSGÍTAR?
**75.000 KR.**

Rafmagnsgítar er smíðaður frá grunni. Nemendur geta valið að smíða Telecaster eða Stratocaster.

90 kennslust. Fim. frá kl. 17:00–22:00.
7. feb.–8. maí.

### SILFURSMÍÐI FYRIR BYRJENDUR
**33.000 KR.**

Einföld skartgripasmíði; hringar, hálsmen, eyrnalokkar og eða nælur.
30 kennslust. Þri. 18:00–21:40. 5. feb.–11. mars.

### STAFRÆN LJÓSMYNDUN OG MYNDVINNSLA
**19.000 KR.**

MYNDATAKA: Grunnatriði myndatöku og myndavéla, samspil ljósops, hraða, ISO og áhrif þess á myndir. Áhrif linsa á rýmið.
MYNDVINNSLA: Eftirvinnsla og leiðréttingar í myndvinnsluforritum.
MYNDAGEYMSLA: Aðferðir við flokkun, skráningu og geymslu.

Æfingar gerðar í kennslustundum og heimaverkefni. Nemendur þurfa að eiga/hafa aðgang að stafrænni myndavél sem hefur manual fókus.

18 kennslust.
13., 20. og 27. feb., kl. 18:00–21:00.

### NOTKUN TRÉSMÍÐAVÉLA
**22.000 KR.**

Kennd rétt vinnubrögð við vélar og handverkfæri fyrir trésmíði. Smíðaðir verða litlir hlutir.

20 kennslust. Lau. kl. 9:00–13:00.
23. feb., 1. mars og 8. mars.

### STEINASLÍPUN
**23.000 KR.**

Sögun á steini, tromluslípun og pólering. Pönnuslípun og pólering steina. Mótun steina til notkunar í skartgripi o.fl.

18 kennslust. Mið. kl. 18:00–20:00.
6. feb.–12. mars.

### ANDLIT OG HÁR
**17.000 KR.**

Teiknikennsla auk fyrirlestra um andlit með gullinsniði. Kynntar aðferðir til að ná fram tónum og skyggingu í andlits- og hárteikningu. Fyrirlestur um mismunandi andlit.

15 (3x5) kennslust. Mið. kl.18.00. 13.–27. feb.

SKRÁNING Á WWW.IR.IS/NÁMSKEIÐ
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 522 6500.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| BRÚÐGUMINN LÚXUS | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| THE MIST | kl. 5.30 - 10.30 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 8 | 10 |
| ALVIN & ÍKORNARNIR | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 3.45 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 7 |
| LUST CAUTION | kl. 6 - 9 | 16 |
| I'M NOT THERE | kl. 5.20 ótextuð | 12 |
| THE MIST | kl. 8 - 10.30 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| CHALIE WILSONS WAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| THE DARJEELING LIMITED | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 10 |
| PERSEPOLIS | kl. 8 - 10 | 14 |
| DUGGHOLUFÓLKIÐ | kl. 6 | 7 |

SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10* | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |
| ALIEN VS PREDATOR 2 | kl. 10 | 16 |
| | | 10 |
| *KRAFTSÝNING | | |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50D -8D -10:20D | 12 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 5:50 - 8 -10:20 | VIP |
| THE GAME PLAN | kl. 5:40 - 8 -10:20 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |
| I AM LEGEND | kl. 8 | 14 |
| ENCHANTED M/- ENSK TAL | kl. 5:50 | L |
| AMERICAN GANGSTER | Síðustu sýningar kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8D - 10:20D | 12 |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:40 - 8 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 5:50 | L |
| NAT. TREASURE 2 | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10 | L |
| GAME PLAN | kl. 8 | L |
| THE NANNY DIARIES | kl. 10:10 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| CHARLIE WILSON´S WAR | kl. 8 - 10 | 12 |
| DEATH AT A FUNERAL | kl. 10 | 7 |
| THE GAME PLAN | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BRÚÐGUMINN | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| NANNY DIARIES | kl. 8 | L |
| RUN, FAT BOY, RUN | kl. 10:10 | L |

Nýtt í bíó — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| CLOVERFIELD | kl. 6, 8 og 10 | 14 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| ALIENS VS PREDATOR 2 | kl. 8 og 10 | 16 |
| THE GOLDEN COMPASS | kl. 5 | 10 |


# Nuddaður af systur sinni

Systir David Coverdale, söngvara rokksveitarinnar Whitesnake, nuddar hann og hitar upp fyrir hverja einustu tónleika með sérstakri nuddolíu. Sveitin heldur tónleika í Laugardalshöll 10. júní og þá þarf nuddolían að vera til taks.

Að sögn Björgvins Rúnarssonar hjá fyrirtækinu 2B Company sem flytur Whitesnake til landsins var olían það helsta sem kom á óvart á kröfulista Coverdale og félaga. Aðrar óskir hafi verið frekar hefðbundnar.

Hann segir að miðasalan hafi farið vel af stað. Tæplega tvö hundruð miðar eru eftir í stúkuna og eitthvað eftir á gólfið. „Það er greinilega mikill áhugi á þeim enda er þetta frábært band sem er í „megaformi“. Þeir fóru af stað aftur 2002 og túra þrjá mánuði á ári. Þeir eru núna að fara að spila fjögur „risagigg“ með Def Leppard, þar á meðal á Wembley. Síðan gáfu þeir út DVD-disk árið 2006 sem var valinn besti metaldiskurinn í Bretlandi,“ segir hann og hvetur alla til að mæta í Höllina: „Ég held að allir rokkhundar landsins eigi að mæta þarna og þeir sem hafa gaman af góðri tónlist.“

Whitesnake spilaði síðast hér á landi á tvennum tónleikum í Reiðhöllinni árið 1990. Reyndar var Coverdale veikur á seinni tónleikunum og þurfti þá Pétur Kristjánsson að hlaupa í skarðið fyrir hann. Stóð hann sig með mikilli prýði en hvort hann hafi fengið sömu nuddolíumeðferð fyrir tónleikana og Coverdale skal aftur á móti ósagt látið. **- fb**



**DAVID COVERDALE** Systir söngvarans David Coverdale nuddar hann fyrir hverja tónleika.

# Tommy Lee tryllti lýðinn

**Rokkarinn Tommy Lee kom fram á tónleikum á Nasa á föstudagskvöldið ásamt Dj Aero. Vel var mætt á Nasa og virtust Íslendingar fagna komu Tommys.**

Ferð Tommy Lee hingað til lands gekk ekki þrautalaust eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag. Þeir Dj Aero létu þó ekki þreytuna trufla sig og gerðu hreinlega allt vitlaust á Nasa. Virtust gestir kunna vel að meta þessa gestakomu eins og myndirnar gefa til kynna.



**TOMMY ER MÆTTUR!** Kristbjörg Jónasdóttir og Íris Geirsdóttir voru uppstrílaðar og glæsilegar á tónleikum Tommy Lee og Dj Aero á Nasa á föstudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



**MESSAÐ YFIR MANNSKAPNUM** Tommy hélt góðu sambandi við áhorfendur ofan af sviðinu.



**HRIKALEGIR** Þeir Egill Einarsson, Gillzenegger, og Garðar Ómarsson, Gaz-mann, tóku sér pásu frá æfingum fyrir Eurovision til að fylgjast með Tommy Lee.



**TILBÚNIR Í TOMMY** Ómar Örn Svavarsson og Stefán Barði Kristinsson voru meira en tilbúnir að dansa við tónlist Tommy Lee og félaga.



**KOMST Á LEIÐARENDA** Tommy Lee var þreytulegur eftir langt ferðalag. Hann kom sér þó í góðan gír og hélt tónleikunum uppi.



**FULLT HÚS** Vel var mætt á Nasa og áhorfendur skemmtu sér hið besta.

# Umbúðir án innihalds

Vinir í New York halda kveðjupartí fyrir vin sinn sem er á leiðinni til starfa í Japan. Sama kvöld setur ófreskja á stærð við skýjakljúf allt á annan endann í borginni. Fylgst er með framvindu mála út frá sjónarhorni nokkurra vina úr hópnum, þar sem einn þeirra myndar atburðina en upptakan verður einsnkonar heimildarmynd um óhugnaðinn sem átti sér stað.

Ekki er annað hægt en að óska framleiðendum Cloverfield til hamingju með vel heppnaða markaðssetningu. Nokkuð er síðan sjá mátti veggspjald myndarinnar þar sem við blasti höfuðlaus Frelsisstytta og í „tísernum“ sást hvar hausinn skrölti eftir götu í New York, án þess að tildrögin væru útskýrð eða titilsins getið. Þótt aðferðin teljist seint frumleg hafði hún tilætluð áhrif þar sem Cloverfield náði efsta sæti yfir aðsóknarmestu myndir vestanhafs.

Svipaðri aðferð var á sínum tíma beitt til að markaðssetja The Blair Witch Project (1999), en Cloverfield á margt sameiginlegt með þeirri mynd. Svo sem gervi-heimildarmyndastílinn þar sem myndavél á stöðugri hreyfingu kemur ringulreiðinni vel til skila. Bragðið hentar líka til að virkja upp ímyndunarafl áhorfenda og magna upp spennu og móðursýki. Á móti verður stíllinn þreytandi, veldur svima, og er á köflum ótrúverðugur þar sem maður efast um að nokkrum heilvita manni dytti í hug að mynda áfram meðan hann horfði upp á vini sína deyja.

Það má deila um það hvort þetta sé gagnrýni á upplýsingasamfélagið eða bara aðferð til að beina athyglinni frá slappri sögu, með of löngu upphafi og klisjukenndri framvindu. Lítið innihald leynist að minnsta kosti í umbúðunum, þótt margt sé vel gert. Til að mynda átök hersins við ófreskjuna sem minnir á Godzilla-myndirnar eða upphafið þar sem örvilnað fólk ráfar um í reykmettuðu umhverfi sem er vísun í árásirnar 11. september. Þetta bjargar þó litlu og undir lokin er ljóst að maður hefur látið ginna sig í bíó á sömu forsendum og fyrir níu árum, á alveg jafn slappa en kannski örlítið dýrari og flottari mynd.

**Roald Viðar Eyvindsson**



**KVIKMYNDIR**

**Cloverfield**

Leikstjórn: Matt Reeves. Aðalhlutverk: Michael Stahl-David, Jessica Lucas, Lizzy Caplan, Mike Vogel og T.J Miller.

★★

Cloverfield er innihaldsrýr og klisjukennd bruðlmynd, sem nær að magna upp móðursýki og spennu.

# Niðurrifi í miðbænum mótmælt

**Fjölmargir tónlistarmenn komu fram á baráttutónleikum á skemmtistaðnum Sirkus um helgina. Þar var niðurrifi húsa í miðbænum mótmælt. Troðfullt var af fólki á Sirkus alla helgina.**

Vel var mætt á tónlistarhátíðina Látíð í bæ á Sirkus um helgina. Tugir tónlistarmanna komu þar fram og mótmæltu niðurrifi húsa í miðbænum. Sirkus, sem stendur við Klapparstíg, er eitt húsanna sem munu víkja og verður barnum lokað um mánaðamótin. Tónlistarmennirnir sem fram komu hafa margir hverjir spilað áður á Sirkus eða stundað staðinn. Fastagestir staðarins og annað áhugafólk um málefnið lét sig ekki vanta um helgina. Fullt var út úr dyrum á Sirkus og var einhugur meðal viðstaddra um að mótmæla niðurrifinu.



**VINSÆLIR** Hin vinsæla hljómsveit Sprengjuhöllin var meðal þeirra sem fram komu á tónleikahátíðinni Látíð í bæ á Sirkus um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VEL MÆTT** Fullt var út úr dyrum á Sirkus um helgina.



**BARÁTTUFÓLK** Þau Svavar Pétur Eysteinsson og Berglind Häsler úr hljómsveitinni Skakkamanage voru meðal skipuleggjenda hátíðarinnar. Þau settu nafn sitt að sjálfsögðu á undirskriftalista gegn niðurrifinu.



**GRAND THEFT AUTO IV** Fjórði Grand Theft Auto-leikurinn kemur út 29. apríl næstkomandi.

# Grand Theft IV á leiðinni

Tölvuleikurinn Grand Theft Auto IV kemur út 29. apríl næstkomandi á vegum Rockstar Games. Verður hann gefinn út á sama tíma fyrir leikjatölvurnar Playstation 3 og Xbox 360.

„Við erum mjög spennt yfir því að gefa út Grand Theft Auto IV,“ segir Sam Houser, stofnandi og framleiðandi hjá Rockstar Games. „Við höfum lagt ótrúlega mikið á okkur til að búa til einstakan leik og vonum að hann setji nýja staðla í gerð tölvuleikja.“

Grand Theft Auto-leikirnir hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin og því eiga tölvuleikjaunnendur væntanlega eftir að sökkva sér á bólakaf í þessa nýjustu viðbót.

# *Eurovision-sigurvegari styður öfgaflokk*

Evrópusambandið hefur áhyggjur af þeim stuðningi sem sigurvegari síðustu Eurovisionkeppni, Marija Serifovic, hefur sýnt Róttæka Serbíu-flokknum (SRS) og foringja flokksins, Tomislav Nikolic. Marija söng meðal annars sigurlagið Molitva („Bæn“) á kosningahátíð flokksins og tileinkaði flokknum – „Þetta er bæn um nýja, öðruvísi og hreinskilnari Serbíu,“ sagði hún áður en lagið hljómaði.

Þar sem Marija var nýlega gerð að sendifulltrúa fyrir fjölmenningarlegt samskiptaprógramm innan Evrópusambandsins þykir það skjóta skökku við að hún styðji öfgaflokkinn því hann er mjög á móti allri Evrópusamvinnu og vill í staðinn styrkja samband Serbíu og Rússlands. „Við munum fylgjast vel með Mariju og ef hún gerir eitthvað sem gengur gegn grunngildum okkar verður hún tekin af launaskrá,“ segir talsmaður Evrópusambandsins.



**MARIJA SERIFOVIC** Þarf að passa sig.

# Gnarls snýr aftur

Dúettinn Gnarls Barkley sló algjörlega í gegn með sinni fyrstu plötu árið 2006 og þá sérstaklega með laginu „Crazy“ sem var hreinlega alls staðar það árið. Í apríl er loksins von á annarri plötu þeirra Danger Mouse og Cee-Lo og nýlega fengu blaðamenn Rolling Stone að heyra nokkur lög af henni. Lögin sem þeir heyrðu voru af ýmsu tagi, nútíma blús og soul, skynörvandi rokk og skrokkshringlandi hipp hopp. Þótt þeir væru hrifnir, og spái því að hér sé á ferð klassísk partíplata, var þó ekkert sem komst nálægt „Crazy“ í tafarlausri heilalímingu.



**DANGER MOUSE OG CEE-LO** Vinirnir á bak við Gnarls Barkley.

# Átta binda ævisaga

Væntanleg sjálfsævisaga Rivers Cuomo úr hljómsveitinni Weezer verður gefin út í hvorki meira né minna en átta bindum. „Ég er kominn með mjög mikið af efni. Ég vinn að sögunni á hverjum einasta degi og skemmti mér vel,“ sagði Cuomo. „Núna er ég kominn upp í átta bindi.“

Bindunum verður skipt upp eftir tímabilum í ævi Cuomos og segir það fyrsta sem kemur út frá byrjunarárum Weezer frá 1992 til 1994. „Ég er einnig að skrifa bindi um æsku mína og æsku foreldra minna,“ sagði Cuomo. Hin sex bindin fjalla um árin í Weezer eftir 1994 til dagsins í dag.



**RIVERS CUOMO** Forsprakki Weezer er að vinna að sjálfsævisögu sinni.




## > Ísland mætir Makedóníu

Karlalandslið Íslands í handbolta var í gær dregið gegn Makedóníu í undankeppni Heimsmeistaramótsins í Króatíu árið 2009. Leiknir verða tveir leikir og fyrri leikurinn fer fram í Makedóníu helgina 7.-8. júní en síðari leikurinn fer fram á Íslandi viku síðar. Í fyrradag varð enn fremur ljóst að Ísland yrði í riðli með Póllandi, Svíþjóð og Argentínu í undankeppni Ólympíuleikanna. Leikirnir fara fram í Póllandi í lok maí, en þjóðirnar munu keppa um tvö laus sæti í Peking næsta sumar.



**sport**
sport@frettabladid.is

GYLFI EINARSSON, BRANN: BYRJAR AÐ ÆFA Á FULLU MEÐ NORSKA LIÐINU Á LA MANGA Á SPÁNI Á NÆSTU DÖGUM

# *Get ekki beðið eftir því að komast af stað á ný*

Gylfi Einarsson gekk í raðir Noregsmeistara Brann á dögunum og skrifaði undir þriggja ára samning en Gylfi hafði verið að leita sér að nýju félagi frá því að hann fékk sig lausan frá Leeds síðastliðið haust.

„Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur til Noregs og fyrst ég ákvað að fara þangað þá var Brann vissulega besti kosturinn fyrir mig. Umboðsmaður minn var búinn að vera í sambandi við þá í þó nokkurn tíma, en þetta gerðist í sjálfu sér mjög hratt eftir að ég fór á reynslu til félagsins. Ég mætti á æfingu á miðvikudag og tveimur dögum síðar var ég búinn að skrifa undir og það er mjög ánægjulegt að þetta hafi gengið svona hratt fyrir sig. Allt frá því ég yfirgaf Leeds var ég að leita ekki bara að einhverju félagi, heldur að rétta félaginu fyrir mig og ég tel Brann vera það,“ sagði Gylfi, sem getur ekki beðið eftir því að komast á fullt með norska liðinu.

„Það eru spennandi hlutir búnir að vera að gerast hjá Brann síðustu ár og það verður gaman að fá að taka þátt í framtíðarplönum liðsins og ég get ekki beðið eftir því að koma knattspyrnuferli mínum af stað á nýjan leik. Leikmenn Brann eru nú á La Manga á Spáni í æfingabúðum og ég hitti þá þar á næstu dögum, en þar verða leiknir æfingaleikir gegn Helsingborg og FC Kaupmannahöfn og ég vonast til að fá að spila eitthvað þar. Ég á náttúrlega eitthvað í land með leikform að gera, þannig að þessir leikir væru kjörnir fyrir mig núna. Brann verður í tvær vikur á La Manga og svo hefst bara undirbúningur fyrir Evrópuleikina gegn Everton, sem eru um miðjan febrúar og þetta er allt bara mjög spennandi,“ sagði Gylfi fullur tilhlökkunar.



## ÚRSLITIN Í GÆR

*Evrópukeppnin í handbolta:*

**Leikur um 3. sætið:**
Frakkland-Þýskaland 36-26 (18-9)
**Mörk Frakklands (skot):** Olivier Girault 8 (10), Daniel Narcisse 7 (10), Nikola Karabatic 6 (7), Luc Abalo 6 (10), Christophe Kempe 2 (2), Sebastien Ostertag 2 (2), Cedric Paty 2 (4), Geoffroy Karntz 1 (1), Guillaume Gille 1 (1), Jerome Fernandez 1 (2).
**Varin skot:** Thierry Omeyer 10, Daouda Karaboue 1.
**Mörk Þýskalands:** Torsten Jansen 7 (9), Pascal Hens 6 (9), Stefan Schröder 3 (4), Michael Kraus 3 (6), Andrej Klimovets 2 (2), Holger Glandorf 2 (4), Dominik Klein 1 (3), Rolf Hermann 1 (3), Christian Zeitz 1 (3).
**Varin skot:** Henning Fritz 6, Johannes Bitter 2.

**Úrslitaleikur:**
Danmörk-Króatía 24-20 (13-10)
**Mörk Danmerkur (skot):** Lars Christiansen 7 (8), Lasse Boesen 7 (13), Jesper Jensen 4 (4), Hans Lindberg 3 (4), Michael Knudsen 2 (3), Lars Jørgensen 1 (1).
**Varin skot:** Kasper Hvidt 14.
**Mörk Króatíu (skot):** Petar Metlicic 5 (11), Ivan Cupic 4 (5), Ivano Balic 4 (12), Ljubo Vukic 2 (2), Tonci Valcic 2 (4), Blazenko Lackovic 2 (8), Igor Vori 1 (1).
**Varin skot:** Mirko Alilovic 5, Vjenceslav Somic 1.

**Markahæstu leikm. EM, (lið), mörk/leikir:**

| | |
|---|---|
| **1-3. Ivano Balic (Króatía)** | **44/8** |
| 1-3. Nikola Karabatic (Frakkland) | 44/8 |
| **1-3. Lars Christiansen (Danmörk)** | **44/7** |
| 4. Daniel Narcisse (Frakkland) | 43/8 |
| **5. Lasse M. Boesen (Danmörk)** | **41/8** |
| 6. Kim Andersson (Svíþjóð) | 41/7 |
| **7. Ales Pajovic (Slóvenía)** | **39/6** |
| 8. Karol Bielecki (Pólland) | 37/6 |
| **9. Holger Glandorf (Þýskaland)** | **36/8** |
| 10. Guðjón Valur Sigurðsson (Ísland) | 34/6 |

**Flestar stoðs. leikmanns að meðalt. á EM:**

| | |
|---|---|
| **1. Ólafur Stefánsson (Ísland)** | **5,0 í leik** |
| 2.-3. Glenn Solberg (Noregur) | 4,6 |
| **2.-3. Kim Andersson (Svíþjóð)** | **4,6** |
| 4. Valeriy Myagkov (Rússland) | 4,5 |
| **5. Michal Bruna (Tékkland)** | **4,0** |

**Lið Evrópumótsins:**
**Vinstra horn: Lars Christiansen (Danmörk)**
Vinstri skytta: Daniel Narcisse (Frakkland)
**Leikstjórnandi: Ivano Balic (Króatía)**
Hægri skytta: Kim Anderson (Svíþjóð)
**Hægra horn: Florian Kehrmann (Þýskaland)**
Línumaður: Frank Löke (Noregur)
**Markvörður: Kasper Hvidt (Danmörk)**

**Besti leikm.: Nikola Karabatic (Frakkland)**
**Besti varnarmaðurinn: Igor Vori (Króatía)**

# Danir eru nýir Evrópumeistarar

**Danmörk vann Króatíu 24-20 í úrslitaleik Evrópumótsins í handbolta í Noregi í gær. Ulrik Wilbek, þjálfari Dana, stóð við stóru orðin og er fyrsti maðurinn til að gera bæði karla- og kvennalið að Evrópumeisturum.**

**HANDBOLTI** Danir voru krýndir Evrópumeistarar í handbolta í gær eftir 24-20 sigur gegn Króötum í úrslitaleiknum.

Leikurinn byrjaði ekki gæfulega fyrir Dani því Króatar skoruðu fjögur fyrstu mörk leiksins og leiddu mestallan fyrri hálfleik. Dönum óx þó ásmegin eftir því sem líða tók á leikinn og þeir tóku svo forystu í fyrsta skipti í leiknum á 25. mínútu, 10-9, og breyttu svo stöðunni í 13-10 með því að skora tvö síðustu mörk fyrri hálfleiks. Danir sýndu mikla seiglu með því að snúa leiknum sér í hag en það munaði miklu fyrir Króata að leikstjórnandinn Ivano Balic fann sig engan veginn í fyrri hálfleik.

Danir náðu svo frábærri rispu og voru komnir í 17-11 eftir fyrstu tíu mínútur í seinni hálfleik. Það er skemmst að segja frá því að Króatarnir náðu sér aldrei almennilega á strik eftir það og Danir héldu þriggja til fjögurra marka mun út mest allan leikinn. Gremjan tók völd hjá Króötum og þegar tíu mínútur voru eftir fékk Lino Cervar, þjálfari liðsins, að líta rauða spjaldið fyrir mótmæli. Króatar lifnuðu reyndar aðeins við í kjölfarið á því og náðu mest að minnka muninn niður í tvö mörk í stöðunni 22-20 þegar tæpar fimm mínútur lifðu leiks. Króatar fengu svo tækifæri til þess að minnka muninn í eitt mark en náðu ekki að skora og Danir komust í þriggja marka forystu, 23-20, þegar þrjár mínútur voru eftir. Danir kláruðu svo leikinn með stæl þegar Lasse Boesen skoraði síðasta markið og lokatölur því 24-20 og Danir nýir Evrópumeistarar. Danir verðskulduðu sigurinn og voru heilt yfir einfaldlega betri en Króatar. Þjálfarinn Ulrik Wilbek stóð því við stóru orðin, en hann sagði fyrir keppnina að Danir yrðu Evrópumeistarar.

omar@frettabladid.is






**FÖGNUÐUR** Markvörðurinn Kasper Hvidt (til vinstri) og vinstri hornamaðurinn Lars Christiansen (að ofan) fagna hér grimmt í leikslok eftir glæsilegan sigur gegn Króatíu í gær. Báðir leikmennirnir áttu stóran þátt í sigri Dana í gær og voru valdir í lið Evrópumótsins. NORDIC PHOTOS/GETTY

Föndurstofan.is
Föndurverslun
Síðumúli 15
S: 553-1800
Sjón er sögu ríkari

Frakkar tóku Þjóðverja í kennslustund í handbolta þegar þeir unnu 36-26 í leik um bronssætið á EM í gær:

# Frakkar hreinlega niðurlægðu Þjóðverja

**HANDBOLTI** Frakkar hreinlega slátruðu Þjóðverjum 36-26 í leiknum um bronssætið á EM í Noregi í gær, en Frakkar leiddu leikinn mest með fjórtán marka mun um miðjan seinni hálfleik.

Menn áttu jafnvel von á frekar hægum eða flötum leik þegar fyrrverandi Evrópumeistarar Frakka, frá og með gærdeginum, mættu heimsmeisturum Þjóðverja í leiknum um bronsið, en bæði lið voru svekkt yfir að vera ekki að spila til úrslita auk þess sem leikjaálagið væri farið að segja til sín.

Frakkar sýndu það hins vegar og sönnuðu í byrjun leiks að þeir væru ekki komnir til að leika sér og gjörsamlega keyrðu yfir slaka Þjóðverjana á upphafsmínútunum.

### Öflug hraðaupphlaup Frakka

Staðan var orðin 10-2 eftir rúman tíu mínútna leik og Þjóðverjar réðu ekkert við hreyfanlega Frakka, sem skoruðu grimmt úr hraðaupphlaupum og fóru langt með að klára leikinn í fyrri hálfleik. Frakkar vörðust af krafti og refsuðu Þjóðverjum grimmilega fyrir hver einustu mistök sem liðið gerði í hálfleiknum. Það var orðinn helmingsmunur á liðunum, 18-9, þegar flautað var til hálfleiks.

Frakkar héldu uppteknum hætti í síðari hálfleik. Yfirburðirnir voru slíkir að fyrrverandi Evrópumeistararnir skoruðu framan af tvö mörk á móti hverju einu marki Þjóðverja, sem fundu engar lausnir á sínum vandamálum.

Frakkarnir náðu mest fjórtán marka mun um miðjan seinni hálfleik áður en þeir slökuðu aðeins á klónni og Þjóðverjar minnkuðu muninn. Munurinn var minnst níu mörk í seinni hálfleik en liðin skiptust á að skora á lokakaflanum og leikurinn endaði með tíu marka sigri Frakka, 36-26.

Daniel Narcisse var valinn maður leiksins hjá Frakklandi en hann skoraði fimm af sjö mörkum sínum í fyrri hálfleik og átti hvað mestan þátt í frábærri byrjun liðs síns í upphafi leiksins þegar Frakkar skoruðu sex mörk í röð. Annars áttu bæði Olivier Girault, sem var markahæstur Frakka með átta mörk, og Nikola Karabatic, sem skoraði sex mörk, einnig mjög góðan dag.

Torsten Jansen var atkvæðamestur hjá slöppum Þjóðverjum og var með sjö mörk og Pascal Hens kom næstur með sex mörk. - óþ



**VONBRIGÐI** Heiner Brand, þjálfari Þjóðverja, trúði ekki sínum eigin augum með rassskellinguna sem hans menn hlutu í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY



Meirihlutinn er fallinn

# „Þau sáu það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með fréttina um yfirvofandi meirihlutaskipti í Reykjavík. Hann er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is



## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express-deild karla:

Keflavík-Njarðvík 75-88 (35-49)
**Stig Keflavíkur:** Bobby Walker 21 (5 stoðs.), Anthony Susnjara 14 (8 frák.), Þröstur Jóhannsson 12, Tommy Johnson 8, Arnar Freyr Jónsson 7, Magnús Þór Gunnarsson 7, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 6 (8 frák.).
**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 29 (12 frák., 4 stoðs), Brenton Birmingham 15 (8 frák.), Jóhann Árni Ólafsson 13 (9 frák.), Friðrik Stefánsson 10, Egill Jónasson 10, Hörður Axel Vilhjálmsson 5, Sverrir Þór Sverrisson 4 (6 stolnir), Guðmundur Jónsson 2.
Skallagrímur-ÍR 89-86

### Iceland Express-deild kvk:

Haukar-Keflavík 94-89 (55-57)
**Stig Hauka:** Telma Björk Fjalarsdóttir 37 (hitti úr 6 af 10 3ja stiga, 6 stolnir), Unnur Tara Jónsdóttir 21 (12 fráköst, 5 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 21 (5 stolnir), Ragna Margrét Brynjarsdóttir 3, Svanhvít Skjaldardóttir 2, Bára Fanney Hálfdanardóttir 2.
**Stig Keflavíkur:** TaKesha Watson 29 (15 frák., 5 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 19 (hitti úr 5 af 7 3ja stiga), Margrét Kara Sturludóttir 17 (8 frák., 6 varin), Susanne Biemer 15 (8 stolnir), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 5, Pálína Gunnlaugsdóttir 4.



**Í FRÁBÆRU FORMI** Örn Arnarson gerði góða hluti á móti í Lúxemborg um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Örn Arnarson, sundmaður:

## Setti nýtt Norðurlandamet

**SUND** Örn Arnarson, sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, er í frábæru formi þessa dagana en hann setti nýtt Norðurlandamet í 50 metra baksundi á alþjóðlegu sundmóti í Lúxemborg í gær. Örn sigraði í sundinu á tímanum 25,88 sekúndum og bætti gamla metið sem var búið að standa frá árinu 1998. Örn bætti á sama tíma eigið Íslandsmet frá árinu 2003 um þrjátíu hundraðshluta.

Í fyrradag var Örn svo í öðru sæti í 100 metra baksundi á eftir Þjóðverjanum Helge Meeuw. - óþ

# Njarðvík sótti sigur í Sláturhúsið

**Njarðvíkingar unnu 13 stiga sigur á toppliði Keflavíkur í Keflavík í gærkvöldi og urðu þar með fyrsta liðið til að vinna þar í vetur. Damon Bailey var atkvæðamestur Njarðvíkinga og skoraði 29 stig í leiknum.**

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkingar ætla að blanda sér í titlabaráttuna í vetur og sönnuðu styrk sinn í gær með því að vinna sannfærandi 13 stiga sigur, 75-88, á nágrönnum sínum í Keflavík á þeirra eigin heimavelli.

Njarðvík var með frumkvæðið allan tímann og var 35-49 yfir í hálfleik. Njarðvík skoraði síðan tíu fyrstu stig seinni hálfleiks og komst 24 stigum yfir. Keflvíkingar minnkuðu muninn en komu honum aldrei niður fyrir átta stig og urðu að sætta sig við fyrsta tapið í Sláturhúsinu í vetur.

### Bailey átti góðan leik

Damon Bailey hjá Njarðvík var sterkur og sérstaklega duglegur að komast á vítalínuna en Keflvíkingar réðu illa við hann og sendu hann 18 sinnum þangað. Allra bestu menn Njarðvíkurliðsins voru þó þeir Jóhann Árni Ólafsson og Sverrir Þór Sverrisson, sem börðust fyrir öllum boltum báðum megin vallarins. Sverrir Þór gekk vel með Bobby Walker sem þurfti 21 skot (og 6 tapaða bolta) til þess að skora 21 stig og þá má ekki gleyma vörn Brenton Birmingham á Tommy Johnson sem skoraði aðeins 8 stig og klikkaði á 8 af 10 skotum sínum.

### Teitur í skýjunum

„Við erum búnir að taka tvö lið fyrir ofan okkur og gjörsamlega baka þau á útivelli og þegar við náum okkur á strik erum við gríðarlega sterkir og getum unnið hvaða lið sem er sannfærandi á útivelli. Svo dettum við niður inni á milli en við erum að fækka lélegu köflunum. Ef við náum að halda því áfram út mánuðinn verðum við sterkir þegar á reynir,“ sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur.

„Keflavík kom til baka í seinni hálfleik en við héldum haus, sem við gerðum ekki í síðasta leik,“ sagði Teitur en Njarðvíkingar töpuðu síðasta leik gegn ÍR í Seljaskóla eftir að hafa komist 20 stigum yfir um tíma í fyrri hálfleik.

„Við erum á uppleið og það er komin miklu meira jafnvægi í sóknarleikinn okkar eftir að Damon kom,“ sagði Teitur sem var ánægður með framlag Jóhanns Árna Ólafssonar sem skoraði 13 stig en tók þar að auki 9 fráköst.



**FRÁBÆR** Brenton Birmingham lék vel í frábærum sigri Njarðvíkinga í gær, skoraði 15 stig og tók þar að auki 8 fráköst. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTINN

### Jóhannes mikilvægur

„Jói var æðislegur og þegar hann er í þessum gír er hann ótrúlega dýrmætur fyrir liðið,“ sagði Teitur, sem ætlar að undirbúa lið sitt vel fyrir leikinn á Snæfelli.

„Við förum með sjálfstraust inn í vikuna, ætlum að æfa okkur vel og ætlum að finna leið til þess að vinna Snæfell á laugardaginn kemur. Það er númer eitt, tvö og þrjú hjá okkur að komast í Höllina því við vitum hvað það skiptir bæinn okkar miklu máli,“ sagði Teitur að lokum.

Njarðvíkingar eru komnir með 18 stig með sigrinum eftir 15 leiki í deildinni og eru í fimmta sæti. Njarðvíkingar eru jafnir Skallagrími að stigum en Borgnesingarnir eru ofar í töflunni vegna betri árangurs úr innbyrðisviðureignum. Keflavík er sem fyrr efst þrátt fyrir tapið. ooj@frettabladid.is




Haukar unnu Keflavík 94-89 í frábærum leik í Iceland Express-deild kvenna:

# Haukar að fullu í toppbaráttu

**KÖRFUBOLTI** Íslandsmeistarar Hauka unnu Keflavík 94-89 í frábærum leik í Iceland Express-deild kvenna á Ásvöllum í gær.

Haukaliðið byrjaði leikinn frábærlega og komst mest 19 stigum yfir í fyrsta leikhluta (38-19) en Keflavíkurliðið svaraði því með því að vinna annan leikhlutann 34-17 og komast yfir, 55-57, fyrir leikhlé. Haukaliðið hafði frumkvæðið framan af þriðja leikhluta eða allt þar til Birna Valgarðsdóttir setti niður fjórar þriggja stiga körfur á þremur mínútum og hjálpaði Keflavík að ná fjögurra stiga forustu, 75-79, fyrir lokaleikhlutann. Haukaliðið náði aftur forustunni en tveir þristar, þar af annar frá Birnu, komu Keflavík í 85-89 þegar 2 mínútur og 23 sekúndur voru eftir. Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, tók þá leikhlé og stelpurnar hans svöruðu með því að vinna restina af leiknum 9-0 og hafa fimm stiga sigur.



**ÖFLUG** Unnur Tara Jónsdóttir átti góðan leik fyrir Hauka í gærdag; skoraði 21 stig og tók þar að auki 12 fráköst og átti 5 stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Haukaliðið hefur gengið í gegnum miklar breytingar í vetur og gengi liðsins hefur markast af því en ef marka má leik liðsins í gær ætla Íslandsmeistararnir sér að vera með í baráttunni í vetur. Kiera Hardy (37 stig), Kristrún Sigurjónsdóttir (21 stig, 5 stolnir) og Unnur Tara Jónsdóttir (21 stig, 12 fráköst og 5 stoðsendingar) áttu allar frábæran dag og heilt yfir var liðsheildin og Haukavörnin í góðum gír. Unnur Tara endaði fyrri hálfleikinn á því að fá tæknivíti sem Keflavík nýtti til þess að komast yfir fyrir hlé en hún svaraði því með afbragðsleik í seinni hálfleik þar sem hún skoraði 14 stig og átti mikinn þátt í sigri Haukaliðins.

Keflavíkurliðið sýndi mikinn styrk og karakter með að koma sér aftur inn í leikinn eftir skelfilega byrjun en mýmörg mistök á lokakaflanum kostuðu liðið leikinn. Kesha Watson (29 stig, 15 fráköst og 5 stoðsendingar) átti enn einn stórleikinn, Margrét Kara Sturludóttir var mjög sterk framan af og Birna Valgarðsdóttir kom sterk inn í seinni hálfleik. Hin þýska Susanne Biemer gerði marga góða hluti en einnig mörg klaufamistök og einn af átta töpuðu boltunum hennar var dýrkeyptur á lokamínútunum. - óój

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Enski FA-bikarinn:*

| | |
|---|---|
| Man. Utd-Tottenham | 3-1 |
| 0-1 Robbie Keane (24.), 1-1 Carlos Tévez (38.), 2-1 Cristiano Ronaldo (69.), 3-1 Cristiano Ronaldo (88.). | |
| Sheff. Utd-Man. City | 2-1 |
| 1-0 Luton Shelton (12.), 2-0 Jon Stead (24.), 2-1 Daniel Sturridge (48.). | |
| Hereford-Cardiff | 1-2 |

*Ítalska Serie A-deildin:*

| | |
|---|---|
| Atalanta-Reggina | 2-2 |
| 1-0 Claudio Rivalta (19.), 2-0 Antonio Langella (46.), 2-1 Luca Vigiani (61.), 2-2 Edgar Barreto (67.). Emil Hallfreðsson var ekki í leikmannahópi Reggina vegna meiðsla. | |
| AC Milan-Genoa | 2-0 |
| 1-0 Pato (69.), 2-0 Pato (82.). | |
| Udinese-Inter | 0-0 |

*Spænska La liga-deildin:*

| | |
|---|---|
| A. Bilbao-Barcelona | 1-1 |
| 0-1 Bojan (35.), 1-1 F. Llorente (79.). Eiður Smári Guðjohnsen lék síðustu tíu mínúturnar fyrir Barcelona. | |
| Valencia-Almería | 0-1 |
| 0-1 Felipe Melo (20.). | |

Úrslitaleikir í innanhússknattspyrnu karla og kvenna fóru fram í gær en leikið var eftir Futsal-reglum:

# Valur og Breiðablik meistarar í Futsal

**FUTSAL** Úrslitakeppni Íslandsmótsins í innanhússknattspyrnu karla og kvenna fór fram í gær og á laugardag þar sem Valur vann ÍBV 7-2 í karlaflokki og Breiðablik vann ÍR 9-3 í kvennaflokki.

Íslandsmótið í innanhússknattspyrnu var með talsvert breyttu sniði að þessu sinni þar sem leikið var í fyrsta skipti samkvæmt svokölluðum Futsal-reglum. Futsalknattspyrna hefur verið að sækja í sig veðrið upp á síðkastið og íþróttin er í gríðarlegum vexti um allan heim, en Futsal-knötturinn er minni en venjulegur utanhússbolti og því er einnig leikið á minni mörk. Leiktíminn er 2x20 mínútur og tíminn stöðvaður í hvert sinn sem boltinn fer út af.

Leið Vals og ÍBV var talsvert grýtt í úrslitaleikinn þar sem Valur vann Vini 7-5 eftir að hafa lent undir 4-1 og ÍBV vann Víði 13-7 í framlengdum leik.

Breiðablik og ÍR þurftu að hafa minna fyrir því að komast í úrslitaleikinn, en Breiðablik vann Tindastól 14-0 og ÍR þurfti ekki að leika sinn leik í undanúrslitum þar sem lið Sindra komst ekki í leikinn vegna ófærðar. **- óþ**



**MEISTARAR** Breiðablik vann Íslandsmót kvenna í Futsal.
FRÉTTABLADID/ANTON

# Misjafnt gengi Manchester-liðanna

**Englandsmeistarar Manchester United bókuðu farseðilinn í fimmtu umferð FA-bikarsins með 3-1 sigri gegn Tottenham en Manchester City er dottið úr keppni eftir óvænt 1-2 tap gegn 1. deildarliði Sheffield United.**

**FÓTBOLTI** Manchester United er komið í fimmtu umferð FA-bikarsins á Englandi eftir 3-1 sigur á Tottenham á Old Trafford en nágrannarnir í Manchester City töpuðu óvænt gegn 1. deildarliði Sheffield United á Bramall Lane.

Leikur Manchester United og Tottenham á Old Trafford var hraður og bráðskemmtilegur. Tottenham beitti skæðum skyndisóknum í leiknum og úr einni slíkri skoraði Robbie Keane fyrsta mark leiksins. Varnarmaðurinn Michael Dawson átti þá hnitmiðaða sendingu upp hægri kantinn á Aaron Lennon, sem fór illa með Patrice Evra áður en hann sendi á Keane á fjærstönginni sem afgreiddi boltann auðveldlega í netið. United var þó ekki lengi að jafna leikinn og þar var Carlos Tévez á ferðinni eftir góðan undirbúning Wayne Rooney og Ryan Giggs og staðan jöfn í hálfleik.



**VENDIPUNKTUR** Michael Dawson býr sig undir að handleika knöttinn á 68. mínútu leiksins, en hann fékk að líta rauða spjaldið fyrir vikið og United fékk víti sem Ronaldo skoraði úr.
NORDIC PHTOOS/GETTY

Seinni hálfleikur var ekki síður viðburðaríkur og segja má að þetta hafi verið leikur hinna glötuðu marktækifæra þar sem dauðafærin komu á færibandi og voru vægast sagt illa nýtt af báðum aðilum. Það kom svo sem ekki á óvart að varnarleikur Tottenham væri ekki gæfulegur en hin frábæra vörn United átti ótrúlega slakan dag. Það dró svo til tíðinda á 68. mínútu þegar áðurnefndur Dawson handlék boltann vísvitandi innan vítateigs til þess að eyðileggja dauðafæri Rooney og fékk réttilega að líta rautt spjald og vítaspyrna var dæmd. Ronaldo skoraði af öryggi úr vítinu og hann var svo aftur á ferðinni á 88. mínútu þegar hann skoraði sitt annað mark og innsigldi 3-1 sigur United. Til að auka gleði United-manna kom Paul Scholes inn á sem varamaður í sínum fyrsta leik í þrjá mánuði.

1. deildarlið Sheffield United kom á óvart með því að skora tvö mörk gegn Manchester City í fyrri hálfleik á Bramall Lane. Fyrst skoraði Luton Shelton á 12. mínútu og Jon Stead bætti öðru marki við rúmum tíu mínútum síðar.

Varamaðurinn Daniel Sturridge minnkaði muninn með glæsilega marki á 48. mínútu en nær komst City ekki í leiknum og Sheffield United vann frækinn sigur.

**omar@frettabladid.is**

Harry Redknapp, Portsmouth:

# Þurfum að fá Baros strax

**FÓTBOLTI** Harry Redknapp, knattspyrnustjóri Portsmouth, hefur staðfest að Milan Baros muni ganga í raðir sinna manna í dag eftir að hafa gengið í gegnum læknisskoðun. Baros verður á láni hjá Portsmouth frá Lyon út leiktímabilið til að byrja með.

„Það eru fjórir leikmenn okkar í Afríkukeppninni og ég hef í raun bara einn leikhæfan framherja, Benjani Mwaruwari, þannig að við þurfum Baros nauðsynlega og það strax," sagði Redknapp í viðtali eftir bikarsigur gegn Plymouth á laugardag þar sem David Nugent meiddist. Baros fer því beint inn í leikmannahóp Portsmouth og verður að öllu óbreyttu löglegur fyrir leikinn gegn Englandsmeisturum Manchester United á Old Trafford á miðvikudag.

Baros lék með Liverpool í ensku úrvalsdeildinni á árunum 2002-2005 og skoraði þá 19 mörk í 68 leikjum, áður en hann fór til Aston Villa og lék þar á árunum 2005-2007 og skoraði 9 mörk í 42. leikjum. **- óþ**

Barcelona og Athletic Bilbao gerðu 1-1 jafntefli:

# Barcelona tapaði dýrmætum stigum

**FÓTBOLTI** Barcelona náði einungis jafntefli gegn Athletic Bilbao í spænsku úrvalsdeildinni í gærkvöldi. Eiður Smári Guðjohnsen var á varamannabekk Barcelona en lék síðustu tíu mínúturnar.

Leikurinn fór rólega af stað en fyrir fram var búist við öruggum sigri Barcelona þar sem Bilbao-liðinu hefur gengið illa á leiktíðinni og er í bullandi fallbaráttu. Barcelona náði hins vegar aldrei neinu flugi í fyrri hálfleik og lítið sem ekkert flæði var í leik liðsins. Besta færið framan af leik féll heimamönnum í Bilbao í skaut en þeir fóru illa að ráði sínu og náðu ekki forystu. Það gerði Barcelona hins vegar á 35. mínútu þegar hinn ungi og efnilegi Bojan Krkic skoraði og það reyndist eina markið í bragðdaufum fyrri hálfleik.



Barcelona-liðið náði ekki heldur að sýna sitt rétta andlit í seinni hálfleik og mátti í raun vera þakklátt fyrir að vera yfir í leiknum. Það breyttist þó á 79. mínútu þegar varamaðurinn Fernando Llorente varð á undan Lilian Thuram og potaði sendingu frá hægri kantinum í markið án þess að Valdes næði að koma nokkrum vörnum við. Eiður Smári fékk þá loksins tækifæri til þess að láta ljós sitt skína og var skipt inn á fyrir markaskorarann Bojan á 80. mínútu. Eiður náði ekki að skora frekar en aðrir leikmenn liðanna og 1-1 jafntefli því niðurstaðan og Barcelona tapaði þar með dýrmætum stigum í titilbaráttunni við Real Madrid. **- óþ**

**TÖPUÐ STIG** Barcelona mátti illa við jafnteflinu í harðri titilbaráttu.
NORDIC PHOTOS/GETTY



### > Dana Carvey

Árið 1997 þurfti Dana Carvey að fara í hjartaaðgerð út af stífluðri slagæð. Læknarnir skáru hann upp og gerðu aðgerð á rangri æð. Hann fór í mál við spítalann og fékk milljón dollara í skaðabætur. Dana Carvey leikur í kvikmyndinni Opportunity Knocks sem er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 22 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON MAGNAR GALDUR

# *Ekki kveikja neinar byssur þegar á þá er hleypt*

Lengst inni í óminnismyrkrinu kviknar þrá. Hann tekur sverð í hönd; svalar losta sínum í hold og blóð. Óþolandi ástandi er breytt í biðtíma. Bið eftir endurtekningu. Sverðið mun falla að nýju, og tilviljun ein ræður hver mun liggja vel við næsta höggi. Skuggabaldur skríður á meðal vor og magnaður hefur verið galdur.

Hvað hefur þú setið yfir mörgum bíómyndum þar sem ólýsanlega ljótum glæpum er lýst í smáatriðum? Þér rennur í brjóst, með poppmylsnuna á náttfatatreyjunni. Þetta var í útlöndum – hvernig læt ég. Engin ástæða til að tárast yfir örlögum fólks sem býr ekki á Íslandi.

Augnablikum fyrr voru sagðar fréttir. Sömu glæpir. Í borginni þinni, þorpinu, næsta húsi. Hvað segir þjóðsagan – kötturinn hljóp á mann og læsti hann í hálsinn með klóm og kjafti, og náðist ekki af fyrr en höfuðið var stýft af honum.



Fátt finnst mér skemmtilegra en að fylgjast með sögum um heimsins verstu úrþvætti. Því viðurstyggilegri sem glæpurinn er, því betra. En svo í vikunni tengdi ég sinnuleysi mitt við fréttir líðandi stundar. Mín skemmtun er bara ein saga sem á sér óteljandi margar hliðstæður. Kannski er sá, sem hlustar á mig lofa góða sakamálasögu, fórnarlamb glæps og hefur aldrei fengið uppreisn æru. Við þurfum Vernd gegn mönnum sem hafa og munu áfram fremja óhæfuverk.

Sagan segir að ekki kveiki neinar byssur þegar á skuggabaldur er hleypt. Er svo komið að þjóðsagan er orðin spádómur sem hefur ræst? Erum við að eiga við skrímsli sem ekki er hægt að deyða? Sagan segir reyndar að skuggabaldur hafi verið drepinn af mannsöfnuði. Kannski eitthvað sem við ættum að taka til okkar? Standa upp og standa saman? Stýfa höfuðið af kettinum? Nei annars, ég hef ekki tíma. Það er að byrja þáttur í sjónvarpinu um barnaníðing, sem ég tími ekki að sleppa.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** Hollyoaks SIRKUS



▶ **20.00** Friday Night Lights SKJÁREINN



▶ **20.00** Scary Movie 3 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15** Criminal Minds SJÓNVARPIÐ



▶ **22.25** Side Order of Life STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**14.00 EM í handbolta** Úrslitaleikurinn endursýndur.
**15.55 Sunnudagskvöld með Evu Maríu**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Hanna Montana**
**17.53 Skrítin og skemmtileg dýr**
**18.00 Myndasafnið**
**18.01 Gurra grís**
**18.16 Lítil prinsessa**
**18.17 Halli og risaeðlufatan**
**18.30 Út og suður** e.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Frumstætt fólk** (2:3) (The Curious Tribe) Breskur heimildamyndaflokkur.
▶**21.15 Glæpahneigð** (36:45) (Criminal Minds) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Sportið** Í þættinum verður fjallað um EM í handbolta sem lauk í gær.
**22.45 Flokksgæðingar** (4:8) (Party Animals) Bresk þáttaröð um unga aðstoðarmenn og ráðgjafa í stjórnkerfinu í Westminster.
**23.40 Spaugstofan**
**00.05 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Scary Movie 3**
**08.00 Friday Night Lights**
**10.00 2001: A Space Travesty**
**12.00 The Pink Panther**
**14.00 Friday Night Lights**
**16.00 2001: A Space Travesty**
**18.00 The Pink Panther**
▶**20.00 Scary Movie 3**
**22.00 Opportunity Knocks** Sprenghlægileg gamanmynd með Dana Carvey úr Wayne's World í aðalhlutverki.
**00.00 Assault On Precinct 13**
**02.00 The Badge**
**04.00 Opportunity Knocks**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.00 Kalli kanína og félagar**
**08.05 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**08.50 Í fínu formi**
**09.05 The Bold and the Beautiful**
**09.25 Wings of Love** (111:120)
**10.10 Sisters** (2:22) (e)
**10.55 Freddie** (20:22)
**11.25 Örlagadagurinn** (10:30)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Sisters** (21:22)
**13.55 Fjölskyldubíó – Sky High** Bráðskemmtileg og gamansöm ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna.
**15.55 W.I.T.C.H.**
**16.18 BeyBlade**
**16.43 Tracey McBean 2**
**16.58 Froskafjör**
**17.03 Litlu Tommi og Jenni**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (4:22) (e)
**19.50 Friends 4** (18:24)
**20.15 American Idol** (3:41) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar kepnninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna.
**21.00 American Idol** (4:41)
▶**22.25 Side Order of Life** (12:13) Side Order of Life er nýr, rómantískur og glettilega fyndinn framhaldsþáttur.
**23.10 Crossing Jordan** (8:17)
**23.55 Gladiatress**
**01.25 NCIS** (19:24)
**02.10 Most Haunted**
**03.00 Fjölskyldubíó-Sky High**
**04.30 Bones** (2:21)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**
**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Sheffield - Man. City FA Cup 2007** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
**12.20 Man. Utd - Tottenham FA Cup 2007** Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni sem fór fram sunnudaginn 27. janúar.
**14.00 FA Cup 2007** (Sheffield - Man. City) Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
**15.40 Mansfield Town - Middlesbrough FA Cup 2007**
**17.20 PGA mótaröðin í golfi**
**20.20 King of Clubs** (Konungar félagsliðanna) Vandaður þáttur sem fjallar um stórliðin í heiminum í dag og hvernig þeim hefur tekist að halda sér í fremstu röð í öll þessi ár.
**20.55 Inside Sport** (Graham Poll)
**21.30 Ensku bikarmörkin** Markaþáttur þar sem öll mörk bikarkeppninnar eru skoðuð.
**22.00 Spænsku mörkin**
**22.45 Utan vallar** (Umræðuþáttur)
**23.25 Heimsmótaröðin í póker** (World Series of Poker 2007)
**00.20 Spænski boltinn** (Atl. Bilbao - Barcelona) Útsending frá leik í spænska boltanum.

## SÝN 2

**17.50 Season Highlights** (Hápunktar leiktíðanna) Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**18.45 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**19.40 Leicester - Crystal Palace Coca-Cola Championship** (Enska 1. deildin) Bein útsending frá leik Leicester og Crystal Palace í ensku fyrstudeildinni.
**21.40 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**22.10 Liverpool - Man. Utd** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá stórleik Liverpool og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.
**23.50 Arsenal - Chelsea** (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá stórleik Arsenal og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni sem fór fram sunnudaginn 16. desember.

## SKJÁREINN

**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Dýravinir** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Giada's Everyday Italian** (e)
**19.30 30 Rock** (e)
▶**20.00 Friday Night Lights - lokaþáttur** Dramatísk þáttaröð um unglinga í smábæ í Texas. Þar snýst allt lífið um árangur fótboltaliðs skólans og það er mikið álag á ungum herðum. Það er komið að lokaþætti fyrstu þáttaraðar og sjálfum úrslitaleiknum. Undirbúningur liðsins fer úr skorðum þegar það spyrst út að Taylor þjálfari ætli að yfirgefa liðið. Eiginkona hans, Tami, fær einnig óvæntar fréttir í þessum dramatíska lokaþætti.
**21.00 Heroes - Lokaþáttur**
**22.00 C.S.I. New York** (20:24) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Rannsóknardeildin fæst við þrjú flókin mál. Maður í herklæðum frá miðöldum er myrtur og annar maður er stunginn til bana. Þegar líki er stolið úr líkvagni kemst rannsóknardeildin á snoðir um óeðlilegar erfðarannsóknir.
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Dexter** (e)
**00.15 The Dead Zone** (e)
**01.05 NÁTTHRAFNAR**
**01.05 C.S.I. Miami**
**01.50 Ripley's Believe it or not!**
**02.35 The World's Wildest Police Videos**
**03.20 Vörutorg**
**04.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


**Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif**
**Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: Turbo dísil Intercooler**
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
• 31" TOYO dekk • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Linsuaðalljós
• Þokuljós • Hiti í speglum • Hiti í framrúðu
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Hiti í sætum • Þakbogar • 6 hátalarar






Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

# Alvöru dísil jeppar
## fyrir íslenskar aðstæður...

aðeins 8,7 ltr. á 100 km.
Eyðsla í blönduðum akstri

SSANGYONG
Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

| Akureyri | Borgarnes | Egilsstaðir | Reykjanesbær |
|---|---|---|---|
| Bílasalan Ós<br>Njarðarnesi 1<br>sími 462 1430 | Bílasala Vesturlands<br>Sólbakka 2<br>sími 437 2100 | Bílasala Austurlands<br>Fagradalsbraut 21<br>sími 471 3005 | Bílahornið hjá Sissa<br>Brekkustíg 38<br>sími 420 3300 |

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

### American Idol



Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi.

Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Aðstandendur keppninar hafa fullyrt að þeir hafi aldrei fengið jafn lélega keppendur en jafnframt aldrei fengið jafn góða. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Heroes - LOKAÞÁTTUR

**Skjár einn kl. 21**

Bandarísk þáttaröð um venjulegt fólk með óvenjulega hæfileika. Það er komið að stóra uppgjörinu hjá hetjunum. Allt fer úr böndunum þegar leiðir hetjanna liggja saman í kjallara pappírsverksmiðjunnar í Odessa í Texas.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.20** Kvika
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.21** Afsprengi
**23.10** Lárétt eða lóðrétt

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (110:260)
**16.30 Hollyoaks** (111:260)
**17.00 Totally Frank**
**17.25 Footballers' Wives -** Extra Time (17:18)
**17.50 Footballers' Wives -** Extra Time (18:18)
**18.15 X-Files**
▶**19.00 Hollyoaks** (110:260)
Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
**19.30 Hollyoaks** (111:260)
**20.00 Totally Frank** Totally Frank er spennandi og skemmtileg þáttaröð um fjórar stelpur sem ákveða að setja saman hljómsveit og reyna að slá í gegn.
**20.25 Footballers' Wives -** Extra Time (17:18)
**20.50 Footballers' Wives -** Extra Time (18:18)
**21.15 X-Files** (e)
**22.10 Pressa** (5:6)
**23.00 Cold Case** (2:23)
**23.45 Prison Break** (9:22)
**00.30 Sjáðu**
**00.55 Johnny Zero** (12:13)
**01.40 Lovespring International** (4:13)
**02.05 Big Day (4:13)**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mér finnst**
**21.00 Gamli góði Villi** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður borgarráðs, fjallar um málefni aldraðra með Margréti Margeirsdóttur, Jórunni Frímannsdóttur og Guðmundi Hallvarðssyni.







**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta á allt mögulegt. Rás 1, Gullbylgjuna, Bylgjuna og Rás 2. Ég hlusta líka stundum á Sigurð G. Tómasson og Guðmund Ólafsson á föstudagsmorgnum á Útvarpi Sögu.“*

Ævar Friðriksson ökukennari.

# Skotveiðimenn milli vonar og ótta

„Já, já. Ég er búinn að sækja um. Djísus kræst, eru komnar 1.500 umsóknir?“ segir Pálmi Gestsson, leikari og veiðimaður.

Gríðarleg ásókn er í leyfi til hreindýraveiða nú um stundir. Bjarni Pálsson hjá veiðistjórnunarsviði Umhverfisstofnunar segir að þegar séu komnar fimmtán hundruð umsóknir og enn langt í að umsóknarfrestur renni út, eða 15. febrúar.

„Við skynjum feikilegan áhuga. Þetta virðist vera að aukast jafnt og þétt milli ára. Þótt kvótinn hafi aukist, en nú má veiða 1.333 dýr, er eftirspurnin orðin talsvert meiri en framboðið,“ segir Bjarni. Og bendir á tölurnar máli sínu til stuðnings. Í fyrra bárust 2.700 umsóknir og stefnir í hærri tölu nú miðað við ásóknina sem var á sama tíma fyrir ári.



**HREINDÝR Á AUSTURLANDI** Gríðarleg ásókn er í leyfi til að veiða hreindýr og þegar komnar fimmtán hundruð umsóknir.



**PÁLMI GESTSSON** Einum kunnasta veiðimanni landsins brá í brún þegar hann frétti af ásókninni.

Pálmi er uggandi um sinn hag og man þá miklu sorg þegar hann fékk ekki leyfi fyrir þremur árum. „Ég var reyndar á biðlista í fyrra, númer tólf, en datt fljótlega inn. Geri mér góðar vonir um að komast á hreindýr næsta haust sem oftast. Vona það svo innilega. Ég tók einn 97 kílóa tarf í fyrra á Jökuldalsheiði við Sænautaselsvatn. Myndarlegur,“ segir Pálmi.

Bjarni segir umsóknir fara í pott og er svo dregið úr þeim. Allir eiga að standa jafnir gagnvart þeim drætti og er hann óháður því hverjir fengu leyfi síðast. Leyfin sjálf geta ekki talist dýr, til að mynda að teknu tilliti til kílóverðs á hreindýrakjöti. Verð leyfa er frá 45 þúsundum upp í 120 eftir því hvort um tarf eða kú er að ræða og svæðum. Þannig er dýrast að fella tarf á svæði eitt en ódýrast að skjóta kú á svæði níu. Hins vegar er þar ekki allt talið því hverjum veiðimanni er gert að kaupa sér aðstoð leiðsögumanns og þar er verðlagning frjáls. - jbg



**LÁRÉTT**
2. pest 6. í röð 8. langar 9. bein 11. hef leyfi 12. einkennis 14. kimi 16. drykkur 17. undir þaki 18. angra 20. grískur bókstafur 21. kvenflík.

**LÓÐRÉTT**
1. murra 3. tveir eins 4. gufuskip 5. hamfletta 7. háttprýði 10. flík 13. blund 15. heimsálfa 16. ósigur 19. bor.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. kvef, 6. rs, 8. vil, 9. rif, 11. má, 12. aðals, 14. stúka, 16. te, 17. ris, 18. ama, 20. pí, 21. pils.

**LÓÐRÉTT:** 1. urra, 3. vv, 4. eimskip, 5. flá, 7. siðsemi, 10. fat, 13. lúr, 15. asía, 16. tap, 19. al.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Það voru Ástralir.
2. 101 árs.
3. Helgi Seljan.




**ÖRN SIGURÐSSON:** VIÐ LOKUM REYKHERBERGINU Í DAG

# Reykingabann að sliga verta

„Um leið og gætt verður jafnræðis í kerfinu þá skal ég standa persónulega með hamarinn og rífa þetta niður. Um leið og lokað verður reykherberginu á Alþingi og um leið og reykherberginu á Leifsstöð verður lokað þá skal ég loka. Löggjafarvaldið verður að sýna fordæmi í því sem það vill banna öðrum,“ segir Baldvin Samúelsson, formaður Félags kráareigenda.

Baldvin er eigandi Barsins við Laugaveg ásamt Ragnari Magnússyni. Þeir eru afar óhressir. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar stefnir að því að innsigla reykingaaðstöðu sem er innandyra á Barnum. „Þá á ég skæri,“ segir Baldvin brattur.

Örn Sigurðsson sviðsstjóri segir þá á Barnum hafa andmælarétt en ef ekkert sem hönd á festir kemur fram í andmælum þeirra, og ekki á Erni að heyra að hann búist við slíku, mæta þeir hjá umhverfissviði á staðinn og innsigla. „Frestur rennur út á mánudag (í dag) og þá örkum við af stað.“ Erni þykir skjóta skökku við að lögreglan hafi ekki þennan starfa með höndum.

„Þegar menn segjast vera að brjóta lög í viðtölum ætti lögreglan að rannsaka málið. Það hlýtur að vera eins og með önnur lög í landinu þar sem við liggja refsiákvæði. Ég átta mig ekki á því af hverju lögreglan kærir ekki eða vill helst ekki taka við kæru frá okkur,“ segir Örn. Hann segist ekki hafa mannskap til að fylgjast með reykingum á börum borgarinnar um helgar og á kvöldin.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn í Reykjavík segir hins vegar að lögreglan hafi lítið sem ekkert með málið að gera. Nánast eins og hann vilji sem minnst af þessu máli vita: „Þetta er bara Reykjavíkurborg – lögreglan hefur ekkert með þetta að gera. Það vissu allir þegar reglurnar voru settar.“

Baldvin segir lögin meingölluð og hefur fengið lögmann í málið. En mergurinn málsins sé þó sá að vertar hafa fengið nóg. Þeir horfa margir upp á stórfellt tekjutap vegna reykingabannsins. „Gott dæmi sem við höfum frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar sem er stærsti einstaki aðilinn sem að stöðunum kemur sem bjórheildsali. Sala þeirra til okkar hefur minnkað um 15 af hundraði en á sama tíma hefur aukning orðið á bjórsölu í ríkinu.“

Baldvin vandar ríki og borg ekki kveðjurnar, segir: „Þessi ólög eru að slátra mörgum vertinum. Ríkið setur sig á háan hest. Og vill í einhverju ofstæki kippa stoðum undan traustum atvinnurekstri sem tekið hefur langan tíma að byggja upp.“ Formaður Félags kráareigenda segir þetta ekki bara snúa að veitingamönnum heldur eigi fjöldi fólks allt sitt undir þessum atvinnurekstri.

„Hundrað milljóna liggja undir hjá skemmtistöðum á ári. Ef þú tekur 30 prósent í minnkandi sölu, en það er um það bil prósentan sem við erum að horfa upp á, þá eru það engar smá upphæðir. Ef einhver annar atvinnurekstur en okkar „vondu mannanna“, sem erum að standa í rekstri skemmtistaða, byggi við þetta yrði allt brjálað í þessu samfélagi,“ segir Baldvin. jakob@frettabladid.is



**DEILT UM REYKHERBERGI**

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar ætlar að loka reykherbergi á Barnum í dag. **Geir Jón** (fyrir neðan) segir alla hafa vitað það þegar reglurnar voru settar að það væri borgarinnar að framfylgja þeim. **Baldvin á Barnum** (til vinstri) segist eiga skæri í tengslum við innsigli og borða Umhverfissviðs.



**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Á meðan **Mikael Torfason** hefur fengið úr því skorið að hann fái þrjá mánuði úr rithöfundasjóði, sem leggur sig á tæpan mánuð miðað við biðlaun sem hann hefur verið á, engist **Eiríkur Örn Norðdahl** ljóðskáld í angist og kvíða. Hann bíður umslagsins góða úti í Finnlandi milli vonar og ótta. Og segir að fái hann ekkert bíði hans skúringar því það er eini starfinn sem hann þykir hæfur í meðal finnsku þjóðarinnar.



Nýi borgarstjórinn, **Ólafur F. Magnússon**, á fjögur börn með Guðrúnu Kjartansdóttur. Þeirra á meðal er einn poppari, **Kjartan Ólafsson**, sem hefur verið að gera góða hluti með hljómsveitinni Ampop. Kjartan er hljómborðsleikari sveitarinnar og annar stofnandi hennar. Lítið hefur heyrst í Ampop síðustu mánuðina, en síðasta plata þeirra kom út fyrir jólin 2006.



**Jón Gnarr** hefur aldrei lesið bók eftir **Arnald Indriðason**. Þessu lýsti hann yfir sem „lesandi vikunnar“ í Samfélaginu í nærmynd á Rás 1 á dögunum. Líklega eru ekki margir Íslendingar sem hafa algjörlega látið Arnald fara framhjá sér, en grínarinn góðkunni er einn af þeim. Jón hefur meira gaman af öðru, til dæmis Ofvita **Þórbergs Þórðarsonar**. Hann sagði reyndar að það væri eina bók Þórbergs sem hann hefði virkilega tengt við. - jbg/glh



# Fræða Finna um Ísland í nýrri ferðabók

Björgvin Hilmarsson og Satu Rämö eru að leggja lokahönd á fyrstu ferðabókina um Ísland sem kemur út á finnsku. Bókin kemur út hjá Mondo-forlaginu í maí en Mondo er þekkt fyrir vandaðar ferðabækur um borgir og lönd.

„Eftir að Flugleiðir fóru að fljúga beint til Helsinki er vaxandi þrýstingur á að bókin komi út,“ segir Björgvin. „Í fyrrasumar eyddum við fjórum mánuðum í að keyra um landið þvert og endilangt, keyrðum um þrettán þúsund kílómetra, tókum myndir og viðtöl. Við gengum líka mikið, til dæmis um Hornstrandir, Borgarfjörð eystri og Laugaveginn. Við teljum styrk bókarinnar að hún er bæði skrifuð af útlendingi sem kemur með sjónarhorn gestsins og heimamanni sem getur leiðrétt vitleysur. Maður sér oft sömu vitleysurnar ár eftir ár í til dæmis Lonely Planet-bókunum.“

„Landslagið mun koma Finnum mest á óvart á Íslandi,“ segir Satu. „Hjá okkur er allt flatt eins og pönnukaka og maður getur keyrt tímum saman í alveg eins landslagi og fundist sem maður sé kyrr. Hér breytist landslagið á tíu mínútna fresti og við hvetjum fólk til að taka með sér nóg af minniskubbum fyrir myndavélarnar. Ísland er svo margbreytilegt að ferðamenn geta fundið fyrir hálfgerðri depurð yfir því að komast ekki yfir allt. Í vikuferð kemst maður til dæmis ekki nema yfir brot af fjölbreytileika landsins. Okkar ráð er að fólk slappi bara af og komi aftur.“

Stóra urð við Dyrfjöll segir Satu líklega stórfenglegasta staðinn á landinu. „Þar líður manni eins og maður sé kominn inn í Lord of the Rings-myndirnar. Maður reynir að ímynda sér alla þessa heimsfrægu leikara skrölta þarna um á íslenskum hestum og það hefði nú kannski ekki verið jafn tilkomumikið!“

Á ferðum sínum um landið rákust skötuhjúin á Finna í Vestmannaeyjum. „Hann vinnur sem kokkur á fiskibát, er giftur íslenskri konu og segist vilja deyja í Vestmannaeyjum. Hann sagði okkur að úti í Finnlandi hefði hann aldrei dreymt um að geta orðið jafn hamingjusamur í lífinu eins og hann er hér,“ segir Björgvin. - glh



**VAXANDI ÞRÝSTINGUR Á FERÐABÓK UM ÍSLAND Í FINNLANDI** Björgvin Hilmarsson og Satu Rämö svara eftirspurninni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA








**SWISSFLEX**
50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

Swissflex stillanlegt hjónarúm
með ViscoX dýnu á **kr. 129.900**,
var áður allt að kr. 299.900.
Dýnustærðir í boði: 80, 90, 100 og 120 cm.









Útlitsgallaðar dýnur
og rafmagnsbotnar
25% afsláttur af fylgihlutum
Höfuðgaflar, náttborð og
kommóður
Nýkomnir tungusófar og
borðstofstólar
Smávara og gjafavara

20-50 %
afsláttur af Cilek



Barbie koja
kr. 27.450,-




**20-70%**
**afsláttur**

Inngangur



## Kletthals 13
mán.-fös. 10-18 lau. 12-16
Sími lagerútsölunnar
er 660 0035

Svefn & heilsa
★★★★★

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Apótekið
lægra verð




**BAKÞANKAR**

Þráins Bertelssonar


## *Náðhús Reykjavíkur*

Í þróuðum löndum ríkir pólitískur stöðugleiki vegna þess að almenningur hefur lært að láta stjórnmálamenn í friði og skiptir sér ekki af því sem þeir taka sér fyrir hendur. Stöðugleiki merkir „óbreytt ástand án framfara“ og byggist á gagnkvæmu samkomulagi um að hvor aðili um sig láti hinn njóta vinnufriðar. Hlutverk almennings í nútímaþjóðfélagi er að borga skatta en hlutverk stjórnmálamanna er að hafa vit fyrir fólki.

**MEÐAN ALMÚGINN** sinnir vinnu- og neysluskyldu sinni án þess að mögla telja stjórnmálamenn ekki nauðsynlegt að setja strangar reglur um hvernig fólk hegðar sér þegar það er ekki á vinnustað sínum. Þetta fyrirkomulag er stundum kallað „frelsi“ og tryggir almenningi margvísleg réttindi, svo sem að velja milli þriggja tegunda af stjórnmálaflokkum á fjögurra ára fresti. Tegundirnar sem í boði eru heita „hægri, vinstri og miðja“ og samsvara hinum vinsælu bragðtegundum „súkkulaði, jarðarberja og vanillu“.

**ALMENNINGI** sem í daglegu tali er nefndur „skríll“ er í stórum dráttum heimilt að hegða sér að vild heima hjá sér og getur valið um fjölda sjónvarpsrása eða bölsótast nafnlaus á internetinu. Einu sinni á ári, fyrsta maí, er skrílnum heimilt að mála slagorð á skilti og fara í hópgöngu með lúðrasveit niður Laugaveginn. Fyrir daga raunveruleikaþátta í sjónvarpi var þetta býsna vinsælt en nú er svo komið að flestir gera sér ljóst að fyrirhafnarminna er að fylgjast með lífi annarra en að lifa sínu eigin.

**ÞEGAR ALMENNINGUR** er með hávaða og læti er talað um „skrílslæti“. Skrílslæti eru heimiluð á íþróttaleikjum og skemmtistöðum og einnig á útisamkomum fyrstu helgina í ágúst. Fyrir utan að vera gagnslaus og ósmekkleg eru skrílslæti hættuleg lýðræðinu og hneykslanleg framkoma almennings í Ráðhúsinu núna í vikunni sýnir hversu aðkallandi það er að kaupa hingað nokkra gáma af taser-byssum. Leiðtogar almennings í Ráðhúsinu eiga rétt á að fá að vera í næði fyrir borgarbúum. Ráðhúsið er þeirra náðhús. (Náðhús er staður þar sem fólk á heimtingu á að vera í friði með allt niðrum sig).



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 28. janúar, 28. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.22 | 13.40 | 17.00 |
| Akureyri | 10.21 | 13.25 | 16.30 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


FORESTER SYMMETRICAL AWD SUBARU






Góð þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvar. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460
Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH INGVAR HELGASON